

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 889/2008

2017/EES/24/05

frá 5. september 2008

um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og um niðurfellingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 9. gr. (4. mgr.), 11. gr. (önnur málsgrein), 12. gr. (3. mgr.), 14. gr. (2. mgr.), 16. gr. (c-liður 3. mgr.), 17. gr. (2. mgr.), 18. gr. (5. mgr.), 19. gr. (önnur málsgrein 3. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 24. gr. (3. mgr.), 25. gr. (3. mgr.), 26. gr., 28. gr. (6. mgr.), 29. gr. (3. mgr.) og 38. gr. (a-, b-, c- og e-liður), og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 834/2007, einkum í III, IV og V bálki hennar, er mælt fyrir um grunnkröfur að því er varðar framleiðslu, merkingu og eftirlit með lífrænum vörum í plöntu- og búfjárgeiranum. Mæla skal fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessara krafna.
- 2) Þróun nýrra ítarlegra framleiðslureglna varðandi tiltekna dýrategundir, lífrænt lagareldi, þang og þara og ger, sem notuð eru sem matvæli eða fóður á vettvangi Bandalagsins, mun þurfa lengri tíma og því skal taka reglurnar til frekari útfærslu í síðari málsmeðferð. Því er rétt að slíkar vörur falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar. Að því er varðar tiltekna tegundir búfjár, lagareldisafurðir og þang og þara skulu þó reglur Bandalagsins, sem gilda um framleiðslu, eftirlit og merkingu, gilda, að breyttu breytanda, um þessar afurðir í samræmi við 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 3) Mæla skal fyrir um tiltekna skilgreiningar til að forðast tvíræðni og tryggja samræmda beitingu reglnanna um lífræna framleiðslu.

4) Lífræn plöntuframleiðsla byggist á því að næra plöntur fyrst og fremst um vistkerfi jarðvegarins. Vatnsrækt, þar sem plöntur vaxa með ræturnar í óvirkri næringarblöndu með uppleysanlegum steinefnum og næringarefnum, skal því ekki leyfð.

5) Lífræn plöntuframleiðsla felur í sér fjölbreytilegar ræktunaraðferðir og takmarkaða notkun áburðar og næringar með lága leysni, því skal tilgreina þessar ræktunaraðferðir. Einkum skal mæla fyrir um skilyrði fyrir notkun á tilteknum vörum sem ekki eru búnaar til (e. *non-synthetic*).

6) Notkun varnarefna, sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið eða leitt til þess að leifar þeirra finnist í landbúnaðarafurðum, skal takmarka verulega. Setja skal beitingu forvarnarráðstafana í forgang að því er varðar skaðvalda, sjúkdóma og illgresiseyðingu. Að auki skal mæla fyrir um skilyrði fyrir notkun tiltekinna plöntuvarnarefna.

7) Að því er varðar lífrænan búskap var leyft samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 ⁽²⁾ að nota tiltekin plöntuvarnarefni, áburð og jarðvegsnæringu sem og tiltekin ólífræn fóðurefni, fóðuraufefni og hjálparefni við vinnslu fóðurs og tiltekna vörur, sem notaðar eru til að hreinsa og sótthreinsa, við vel skilgreindar aðstæður. Til að tryggja samfelldni í lífrænum búskap skal leyfa áfram vörurnar og efnin, sem um er að ræða, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í c-lið 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Til glöggvunar þykir enn fremur rétt að tilgreina vörurnar og efnin, sem voru leyfð samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91, í viðaukunum við þessa reglugerð. Bæta má öðrum vörum og efnum við þessar skrár í framtíðinni samkvæmt öðrum lagagrundvelli, nánar tiltekið 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Því er rétt að auðkenna sérstaka stöðu hvers vöru- og efnaflokks með tákni í skránni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtuð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(²) Stjtuð. EB L 230, 22.7.1991, bls. 1.

- 8) Heildræn nálgun í lífrænum búskap krefst þess að búfjárframleiðsla tengist jörðinni þar sem framleiddi húsdýraáburðurinn er notaður sem næring fyrir ræktun nytjaplantnanna. Þar eð búfjárrækt gerir alltaf ráð fyrir ræktun lands til landbúnaðar skal setja ákvæði sem banna landlausa búfjárframleiðslu. Við val á búfjárkynjum í lífrænni búfjárframleiðslu skal hafa hliðsjón af getu þeirra til að aðlagast staðbundnum aðstæðum, lífsþrótti þeirra og mótstöðu gegn sjúkdómum, auk þess sem stuðla skal að mikilli líffræðilegri fjölbreytni.
- 9) Við vissar aðstæður geta rekstraraðilar lent í erfiðleikum við að fá lífræn kynbótadýr úr skertu genasafni sem getur hamlað þróun í geiranum. Því skal kveða á um þann möguleika á að færa takmarkað magn af ólífrænt öldum dýrum á bújörð til undaneldis.
- 10) Lífræn búskapur skal tryggja að sérstökum atferlisfræðilegum þörfum dýranna sé fullnægt. Í þessu tilliti skal húsakostur fullnægja þörfum allra tegunda búfjár að því er varðar loftræstingu, birtu og rými og að það fari vel um dýrin og nægilegt rými skal standa þeim til boða þannig að hvert dýr geti fullnægt hreyfiþörf sinni og þroskað eðlislægt félagsatferli sitt. Mæla skal fyrir um sérstakan aðbúnað og búskaparhætti að því er varðar tiltekin dýr, þ.m.t. býflugur. Þessi sérstaki aðbúnaður skal tryggja velferð dýra á háu stigi en þetta er forgangsatriði í lífrænni búfjárrækt og getur því gengið lengra en kröfur Bandalagsins um velferð sem gilda almennt um búskap. Lífrænir búskaparhættir eiga að koma í veg fyrir að alifuglar séu aldir of hratt. Því skal mæla fyrir um sértæk ákvæði til að forðast þéttbærar eldisaðferðir. Einkum skulu alifuglar annaðhvort aldir þar til þeir ná ákveðnum lágmarksaldri eða að öðrum kosti vera af hægvoxandi alifuglastofnum svo að í hvorugu tilfellinu sé til staðar hvati til að nota þéttbærar eldisaðferðir.
- 11) Dýrin skulu að jafnaði hafa varanlegan aðgang að útisvæðum til beitar, svo fremi að veður leyfi, og slík útisvæði ættu að meginreglu til að vera skipulögð í viðeigandi skiptikerfi.
- 12) Til að koma í veg fyrir umhverfismengun náttúruauðlinda, s.s. jarðvegs og vatns af völdum næringarefna, skal setja efri mörk fyrir notkun húsdýraáburðar á hektara og fyrir fjölda búfjár sem haldið er á hektara. Þessi mörk skulu vera í hlutfalli við köfnunarefnisinnihald húsdýraáburðarins.
- 13) Banna skal sköddun sem leiðir til streitu, tjóns, sjúkdóma eða þjáninga hjá dýrunum. Hins vegar má leyfa sérstakar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar fyrir tiltekna tegund framleiðslu og vegna öryggis dýra og manna, samkvæmt takmarkandi skilyrðum.
- 14) Búfé skal fódra á grasi og fódri sem eru framleidd í samræmi við reglur um lífrænan búskap, helst þannig að þau komi frá sjálfri bújörðinni, þar sem tekið er tillit til lífeðlisfræðilegra þarfa búfjárins. Svo að uppfylla megi grunnþarfir búfjár um næringu getur auk þess reynst nauðsynlegt að nota tiltekin steinefni, snefilefni og vítamín við vel skilgreindar aðstæður.
- 15) Þar eð þess má vænta að svæðisbundinn munur á möguleikum jörturdýra í lífrænum búskap á að afla sér nauðsynlegra vítamína A, D og E úr fódurskömmtum verði áfram fyrir hendi vegna loftslags og aðgengilegra fódurgjafa skal leyfa notkun slíkra vítamína fyrir jörturdýr.
- 16) Umsjón með heilbrigði dýra skal einkum byggjast á sjúkdómavörnum. Að auki skal beita sértækum ráðstöfunum varðandi hreinsun og sóttþreinsun.
- 17) Í lífrænum búskap er óheimilt að nota hefðbundin lyf, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, til lækninga í forvarnarskyni. Ef veikindi eða áverki dýrs krefst tafarlausrar meðhöndlunar skal þó notkun hefðbundinna lyfja, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, haldið í algjöru lágmarki. Til að tryggja trúverðuleika lífrænnar framleiðslu gagnvart neytendum skal að auki vera mögulegt að grípa til takmarkandi ráðstafana, s.s. að tvöfalda biðtíma til afurðanýtingar eftir notkun hefðbundinna lyfja sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum.
- 18) Mæla skal fyrir um sértækar reglur um forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða í býrækt.
- 19) Setja skal ákvæði þar sem þess er krafist að rekstraraðilar, sem framleiða fóður eða matvæli, hafi hliðsjón af viðeigandi aðferðum, sem byggjast á kerfisbundinni greiningu á mikilvægum vinnsluþrepum, til að tryggja að framleiddar unnar vörur séu í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu.
- 20) Til að tryggja framleiðslu á tilteknum, lífrænum matvælum og fódri eru tilteknar ólífrænar vörur og efni nauðsynleg. Samræming á vinnslureglum fyrir vín á vettvangi Bandalagsins mun þurfa lengri tíma. Því skulu téðar vörur vera undanskildar að því er varðar vinnslu á víni þar til mælt verður fyrir um sértækar reglur þar að lútandi í síðari málsmeðferð.
- 21) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 var notkun tiltekinna innihaldsefna, sem koma ekki úr landbúnaði, tiltekinna hjálparefna við vinnslu matvæla og tiltekinna ólífrænna innihaldsefna úr landbúnaði, leyfð við vinnslu á lífrænum matvælum við vel skilgreindar aðstæður Til að tryggja samfelldni í lífrænum búskap skal leyfa áfram vörurnar og efnin, sem um er að ræða, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Til glöggvunar þykir

- enn fremur rétt að tilgreina vörurnar og efnin, sem voru leyfð samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91, í viðaukunum við þessa reglugerð. Bæta má öðrum vörum og efnum við þessar skrár í framtíðinni samkvæmt öðrum lagagrundvelli, nánar tiltekið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Því er rétt að auðkenna sérstaka stöðu hvers vöru- og efnaflokks með tákni í skránni.
- 22) Með tilteknum skilyrðum má safna og flytja lífrænar og ólífrænar vörur samtímis. Mæla skal fyrir um sértæk ákvæði til að skilja að lífrænar og ólífrænar vörur á viðeigandi hátt meðan á meðhöndlun stendur og til að koma í veg fyrir hvers kyns samblöndun.
- 23) Aðlögun yfir í lífræna framleiðsluaðferð krefst tiltekinna aðlögunartímabíla fyrir allar þær aðferðir sem notaðar eru. Mæla skal fyrir um sérstök tímabil fyrir hina ýmsu framleiðslugeira með hliðsjón af þeirri framleiðslu sem stunduð var á bújörðinni.
- 24) Í samræmi við 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrir notkun undanþága sem kveðið er á um í þeirri grein. Rétt þykir að setja fram slík skilyrði að því er varðar tilvik þegar ekki eru tiltæk lífrænt alin dýr, fóður, bývax, fræ og útsæðiskartöflur og lífræn innihaldsefni sem og að því er varðar sérstök vandamál sem tengjast hirðingu og fóðrun dýra og þegar um er að ræða hamfarir.
- 25) Landfræðilegur og kerfislægur mismunur í landbúnaði og takmarkanir vegna loftslags geta hamlað þróun á lífrænni framleiðslu á tilteknum svæðum en slíkt kallar á undantekningar frá tilteknum búskaparháttum að því er varðar eiginleika húsa og aðstöðu fyrir búfé. Því skal leyfa tjóðrun dýra, við vel skilgreindar aðstæður, á bújörðum sem eru litlar sökum landfræðilegrar staðsetningar sinnar og kerfislægra takmarkana, einkum með tilliti til fjallendis, og aðeins þegar ekki er mögulegt að halda nautgripina í hópum sem henta atferlisþörfum þeirra.
- 26) Í þeim tilgangi að tryggja þróun upprennandi lífræns búfjárgeirna voru heimilaðar, samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91, nokkrar tímabundnar undanþágur að því er varðar tjóðrun dýra, aðbúnað þeirra og þéttleika. Þessum undanþágum skal haldið við til bráðabirgða þar til daginn sem þær falla úr gildi til að raska ekki lífræna búfjárgeirnum.
- 27) Að teknu tilliti til mikilvægis frævnar fyrir lífræna býræktargeirann skal vera unnt að veita undanþágur sem heimila samhliða framleiðslu á lífrænum og ólífrænum býræktareiningum á sömu bújörðinni.
- 28) Við vissar aðstæður getur verið erfiðleikum háð fyrir bændur að tryggja sér birgðir af búfé, sem er lífrænt alið, og lífrænt fóður og því skal veita heimild fyrir takmörkuðu magni aðfanga, sem ekki eru framleidd með lífrænum hætti, til bújarða til notkunar í takmörkuðu magni.
- 29) Framleiðendur sem fást við lífræna framleiðslu hafa gert verulegt átak í því að þróa framleiðslu á lífrænum fræjum og lífrænu plöntufjölgunarefni til að koma á miklu úrvali yrkja af plöntutegundum, svo að lífræn fræ og plöntufjölgunarefni séu fánleg fyrir þessar tegundir. Sem stendur er þó ekki enn fánlegt nógu mikið af lífrænum fræjum og lífrænu plöntufjölgunarefni fyrir margar tegundir, og í þeim tilvikum skal leyfa notkun ólífrænna fræja og ólífræns plöntufjölgunarefnis.
- 30) Til að aðstoða rekstraraðila við að finna lífræn fræ og útsæðiskartöflur skal hvert aðildarríki tryggja að komið sé á fót gagnagrunni yfir þau afbrigði þeirra lífrænu fræja og útsæðiskartaflna sem eru fánleg á markaðinum.
- 31) Umgengni við fullvaxna nautgripi getur sett umsjónarmenn þeirra og aðra einstaklinga, sem meðhöndla dýrin, í hættu. Því skal setja ákvæði sem gera það kleift að veita undanþágur meðan á lokaáfangi sláturreldis spendýra stendur, einkum að því er varðar nautgripi.
- 32) Hamfarir eða mjög útbreiddir dýra- eða plöntusjúkdómar geta haft alvarleg áhrif á lífræna framleiðslu á viðkomandi svæðum. Gera þarf viðeigandi ráðstafanir til að tryggja viðhald búskapar eða jafnvel endurreisn búskapar. Því skal notkun á ólífrænt öldum dýrum eða ólífrænu fóðri heimiluð í takmarkaðan tíma á svæðum sem orðið hafa fyrir áhrifum.
- 33) Í samræmi við 3. mgr. 24. gr. og 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal mæla fyrir um sérstakar viðmiðanir að því er varðar framsetningu, samsetningu, stærð og hönnun kennimerkis Bandalagsins sem og um framsetningu og samsetningu á kenninúmeri eftirlitsyfirvaldsins eða eftirlitsaðilans og um upplýsingar um staðinn þaðan sem landbúnaðarafurðin er upprunnin.
- 34) Í samræmi við 26. gr. reglugerðar (EB) 834/2007 skal mæla fyrir um sértækar kröfur um merkingu á lífrænu fóðri að teknu tilliti til afbrigða og samsetningar fóðurs og þverlægra ákvæða um merkingar sem gilda um fóður.

- 35) Til viðbótar við eftirlitskerfið, sem byggist á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽³⁾, skal mæla fyrir um sértækar eftirlitsráðstafanir. Einkum ítarlegar kröfur að því er varðar öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar sem tengjast lífrænum vörum.
- 36) Upplýsingar sem aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni verða að gera henni kleift að nota upplýsingarnar sem hún fékk sendar beint og á eins skilvirkan hátt og mögulegt er til að geta haft umsjón með tölfræðilegum upplýsingum og tilvísunargögnum. Til að ná þessu markmiði skulu allar upplýsingar, sem eiga að vera aðgengilegar eða sem miðla á milli aðildarríkjana og framkvæmdastjórnarinnar, sendar á rafrænu eða stafrænu formi.
- 37) Skipti á upplýsingum og skjölum milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjana og miðlun og sending upplýsinga frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar fara almennt fram á rafrænu eða stafrænu formi. Til að bæta hvernig slík upplýsingaskipti fara fram samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu og rýmka notkun þeirra er nauðsynlegt að aðlaga núverandi tölvukerfi eða setja upp ný. Framkvæmdastjórnin skal setja ákvæði um að þetta sé gert og hrinda því í framkvæmd eftir að aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt þar um fyrir milligöngu nefndarinnar um lífræna framleiðslu.
- 38) Nauðsynlegt er að aðlaga ört úrvinnsluskilyrði vegna upplýsinganna í þessum tölvukerfum og form og innihald skjala, sem miðla á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007, í samræmi við breytingar á gildandi reglum eða stjórnunarkröfum. Einnig er nauðsynlegt að samræma framsetningu þeirra skjala sem aðildarríkin eiga að senda. Til að ná þessum markmiðum og til að einfalda málsmeðferðina og tryggja að hægt sé að gera viðkomandi tölvukerfi starfhæf strax skal mæla fyrir um form og innihald skjalanna á grundvelli fyrirmynda eða spurningalista, sem framkvæmdastjórnin skal aðlaga og uppfæra eftir að hafa tilkynnt nefndinni um lífræna framleiðslu þar um.
- 39) Mæla skal fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna tiltekinna ákvæða sem komið var á samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til að stofna samfelldni lífrænnar framleiðslu ekki í hættu.
- 40) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 207/93 frá 29. janúar 1993 um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum og nákvæmar reglur um hvernig ber að hrinda ákvæðum 4. mgr. 5. gr. hennar í framkvæmd ⁽⁴⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003 frá 14. ágúst 2003 um að viðhalda undanþágunni, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 að því er varðar tilteknar tegundir fræs og plöntufjölgunarefnis, og að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir varðandi þá undanþágu ⁽⁵⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003 um kröfur sem gerðar eru um merkingar í tengslum við lífræna framleiðslu fóðurs, fóðurblandna og fóðurefna og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 ⁽⁶⁾, skulu felldar úr gildi og ný reglugerð koma í þeirra stað.
- 41) Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er felld úr gildi með reglugerð (EB) nr. 834/2007 frá og með 1. janúar 2009. Þó skulu mörg ákvæði hennar gilda áfram, með nokkrum breytingum, og skal því taka þau upp innan ramma þessarar reglugerðar. Fyrir skýrleika sakir er rétt að setja fram samsvörun á milli þessara ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 og ákvæða þessarar reglugerðar.
- 42) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt útgáfa Stjútíð. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 25, 2.2.1993, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 17.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 31, 6.2.2003, bls. 3.

Efni

I. bálkur	Inngangssákvæði	47
II. bálkur	Reglur um framleiðslu, vinnslu, pökkun, flutning og geymslu á vörum	47
1. kafli	Plöntuframleiðsla	47
2. kafli	Búfjárframleiðsla	48
1. þáttur	Uppruni dýra	48
2. þáttur	Gripahús og búskaparhættir	49
3. þáttur	Fóður	52
4. þáttur	Forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða	53
3. kafli	Unnar vörur	54
4. kafli	Söfnun, pökkun, flutningur, geymsla á vörum	56
5. kafli	Reglur um aðlögun	57
6. kafli	Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum	59
1. þáttur	Veðurfarslegar, landfræðilegar eða kerfislægar hamlanir	59
2. þáttur	Þegar lífræn aðföng til bújarða eru ófáanleg	60
3. þáttur	Sérstök vandamál í tengslum við að halda lífrænt alið búfé	61
4. þáttur	Hamfarir	61
7. kafli	Gagnagrunnur yfir fræ	62
III. bálkur	Merking	63
1. kafli	Kennimerki Bandalagsins	63
2. kafli	Sértækar kröfur varðandi merkingar fódurs	64
3. kafli	Aðrar sértækar kröfur varðandi merkingu	64
IV. bálkur	Eftirlit	65
1. kafli	Lágmarkskröfur um eftirlit	65
2. kafli	Kröfur um eftirlit með plöntum og plöntuafurðum	66
3. kafli	Kröfur um eftirlit með búfé og búfjárafurðum	67
4. kafli	Kröfur um eftirlit með vinnslu á afurðum	68
5. kafli	Kröfur um eftirlit með innflutningi	69
6. kafli	Kröfur um eftirlit með einingum sem gera verktakasamninga við þriðju aðila	69

7. kafli	Kröfur um eftirlit með einingum sem framleiða fóður	70
8. kafli	Brot og upplýsingaskipti	70
V. bálkur	Sending upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar, umbreytingarákvæði og loka- ákvæði	71
1. kafli	Sending upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar	71
2. kafli	Umbreytingarákvæði og lokaákvæði	72

I. BÁLKUR

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sértækar reglur um lífræna framleiðslu, merkingu og eftirlit að því er varðar afurðir sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi afurðir:

- a) afurðir lagareldis,
- b) þang og þara,
- c) tegundir búfjár aðrar en þær sem um getur í 7. gr.,
- d) ger sem er notað sem matvæli eða fóður.

Þó skulu II., III., og IV. bálkur gilda, að breyttu breytanda, um afurðir sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar þar til mælt hefur verið fyrir um ítarlegar framleiðslureglur fyrir þessar afurðir á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar sem mælt er fyrir um í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, gilda eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum í þessari reglugerð:

- a) „ólífrænn“: kemur ekki úr lífrænni framleiðslu eða tengist henni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 834/2007 og þessa reglugerð,
- b) „dýralyf“: vörur eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB um Bandalagsreglur um dýralyf (?),
- c) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili innan Bandalagsins, sem annaðhvort sjálfur eða í gegnum fulltrúa sinn, leggur vörusendingu fram til frjálsrar dreifingar í Bandalaginu,
- d) „fyrsti viðtakandi“: sá einstaklingur eða lögaðili sem fær innfluttu vörusendinguna afhenta og mun taka við henni til frekari vinnslu og/eða markaðssetningar,
- e) „bújörð“: allar framleiðslueiningar sem starfa undir einni stjórn í þeim tilgangi að framleiða landbúnaðarafurðir,
- f) „framleiðslueining“: allar eignir sem eru notaðar í framleiðslugeira, s.s. framleiðslustaðir, landspildur,

bithagar, útisvæði, gripahús, geymsluaðstaða fyrir uppskeru, plöntuafurðir, búfjárafurðir, hráefni og hvers kyns önnur aðföng sem máli skipta fyrir þennan sérstaka framleiðslugeira,

- g) „vatnsræktarframleiðsla“ (e. *hydroponic production*): aðferð við að rækta plöntur með ræturnar í steinefnaríkri næringarlausn eða í óvirkum miðli, s.s. perlusteini, mól eða steinull, sem næringarlausn er bætt út í,
- h) „meðhöndlun dýralæknis“: öll meðhöndlun til lækninga eða fyrirbyggjandi meðhöndlun sem varðar tiltekinn sjúkdóm,
- i) „fóður í aðlögun“: fóður sem er framleitt meðan á aðlögun að lífrænni framleiðslu stendur, að því undanskildu sem var uppskorið á fyrstu 12 mánuðunum í kjölfar þess að aðlögun hófst eins og um getur í a-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

II. BÁLKUR

REGLUR UM FRAMLEIÐSLU, VINNSLU, PÖKKUN,
FLUTNING OG GEYMSLU LÍFRÆNNA VARA

1. KAFLI

Plöntuframleiðsla

3. gr.

Jarðsvegsræksla (e. *soil management*) og áburðargjöf

1. Þegar ekki er hægt að uppfylla næringarþörf plantna með ráðstöfunum sem kveðið er á um í a-, b- og c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má aðeins nota áburð og jarðvegsnæringu, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, í lífrænni framleiðslu og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er. Rekstraraðilar skulu halda til haga skriflegum sönnunargögnum um þörf þess að nota vöruna.
2. Heildarmagn húsdýraáburðar, eins og hann er skilgreindur í tilskipun ráðsins 91/676/EBE⁽⁸⁾ um verndun vatns gegn mengun af völdum nitrata úr landbúnaði, sem er notað á bújörðinni má ekki vera meira en 170 kg af köfnunarefni á ári/hektara landbúnaðarsvæðis sem er notað. Þessi mörk gilda einungis um notkun á húsdýraáburði, þurrkuðum húsdýraáburði og þurrkuðum alifuglaáburði, myltum húsdýraskít, þ.m.t. alifuglaáburður, myltum húsdýraáburði og fljóttandi húsdýraúrgangi.
3. Bújarðir þar sem lífræn framleiðsla er stunduð geta eingöngu stofnað til skriflegra samstarfssamninga við aðrar bújarðir og fyrirtæki, sem fara að reglum um lífræna framleiðslu, með það í huga að dreifa umframframleiðslu á húsdýraáburði frá lífrænni framleiðslu. Hámarkið, sem um getur í 2. mgr., skal reikna út frá öllum einingum, þar sem lífræn framleiðsla er stunduð, sem eiga hlut að slíkri samvinnu.

(?) Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

(8) Stjtið. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1.

4. Nota má viðeigandi örverublöndur til að bæta heildarástand jarðvegarins eða tiltækileika næringarefna í jarðveginum eða plöntunum.

5. Heimilt er að nota viðeigandi blöndur, sem eru að stofni til úr plöntum, eða örverublöndur til að örva myltingu.

4. gr.

Bann við vatnsræktarframleiðslu

Vatnsræktarframleiðsla er bönnuð.

5. gr.

Varnir gegn skaðvöldum, sjúkdómum og illgresi

1. Ef ekki er unnt að vernda plöntur nægilega vel fyrir skaðvöldum og sjúkdómum með þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í a-, b-, c- og g-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má einungis nota vörurnar, sem um getur í II. viðauka við þessa reglugerð, í lífrænni framleiðslu. Rekstraráðilar skulu halda til haga skriflegum sönnunargögnum um þörf þess að nota vöruna.

2. Að því er varðar vörur, sem notaðar eru í gildrum og skömmturum, að undanskildum ferómónskömmturum, skulu gildrunar og/eða skammtararnir þannig gerðir að komið sé í veg fyrir að efnin sleppi út í umhverfið og að efnin komist ekki í snertingu við plönturnar sem verið er að rækta. Gildrunum skal safnað saman að notkun lokinni og fargað á öruggan hátt.

6. gr.

Sértækar reglur um sveppaframleiðslu

Við framleiðslu á sveppum má nota undirlag ef það samanstendur einungis af eftirfarandi efnisþáttum:

- a) húsdýraáburði og húsdýraskít:
 - i. sem kemur annaðhvort frá bújörðum þar sem lífrænar framleiðsluáðferðir eru notaðar,
 - ii. eða sem um getur í I. viðauka, aðeins þegar afurðin, sem um getur í i. lið, er ekki fáanleg og ef þeir eru ekki meira en 25% af þyngd allra þátta undirlagsins, að undanskildu yfirbreiðsluefni og viðbættu vatni, áður en myltað er,
- b) afurðum úr landbúnaði, nema þeim sem um getur í a-lið, frá bújörðum þar sem lífrænar framleiðsluáðferðir eru notaðar,
- c) mó sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður,
- d) viði sem hefur ekki verið meðhöndlaður með efnavörum eftir að hann er höggvinn,

e) jarðefnum, sem um getur í I. viðauka, vatni og jarðvegi.

2. KAFLI

Búfjárframleiðsla

7. gr.

Gildissvið

Í þessum kafla er mælt fyrir um ítarlegar framleiðslureglur varðandi eftirfarandi dýrategundir: nautgripi, þ.m.t. dýr af ættkvíslinni bubalus (bufflar) og ameríkuvísundar, dýr af hestaætt, svín, sauðfé, geitur, alifugla (tegundir sem getið er í III. viðauka) og býflugur.

1. þáttur

Uppruni dýra

8. gr.

Uppruni lífrænt alinna dýra

1. Við val á kynjum eða stofnum skal taka tillit til hæfni dýranna til að laga sig að staðháttum, lífsþróttar þeirra og mótstöðu gegn sjúkdómum. Auk þess skal við val á kynjum eða stofnum dýra forðast sérstaka sjúkdóma eða heilbrigðisvanda sem tengjast sumum kynjum eða stofnum, sem eru notaðir í þéttbærum búskap, s.s. svínastreitu, vatnsvöðva (PSE-heilkenni), bráðadauða, bráðafósturláti og erfiðleika í fæðingu sem kalla á keisaraskurð. Innlend kyn og stofnar skulu njóta forgangs umfram önnur.

2. Að því er varðar býflugur skulu *Apis mellifera* og staðbrigði þeirra njóta forgangs.

9. gr.

Uppruni ólífrænt alinna dýra

1. Í samræmi við ii. lið a-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má flytja ólífrænt alin dýr til bújarðar til undaneldis en aðeins ef nægilegur fjöldi lífrænt alinna dýra er ekki fáanlegur og með fyrirvara um skilyrðin sem kveðið er á um í 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Þegar búið er að koma upp hjörð eða hópi í fyrsta skipti skal ala ólífrænt alin ungvíði spendýra í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu um leið og búið er að venja þau undan. Þar að auki skulu eftirfarandi takmarkanir taka gildi daginn sem dýrin bætast við hjörðina:

- a) bufflar, kálfar og folöld skulu vera yngri en sex mánaða gömul,
- b) lömb og kiðlingar skulu vera yngri en 60 daga gömul,
- c) smágrísir skulu vega minna en 35 kg.

3. Ólífrænt alin fullorðin karlspendýr og eibær kvenspendýr, til endurnýjunar á hjörð eða hópi, skal síðan ala í samræmi við reglurnar um lífræna framleiðslu. Þar að auki er fjöldi kvenspendýra háður eftirfarandi takmörkunum á ári:

- a) að hámarki 10% af fullorðnum hrossum eða nautgripum, þ.m.t. af ættkvíslinni bubalus (bufflar) og ameríkuvísundar, og 20% af fullorðnum svínum, sauðfé og geitum,
- b) fyrir einingar, sem eru með færri en 10 hesta eða nautgripi, eða með færri en fimm svín, sauðkindur eða geitur, skal öll endurnýjun eins og getið er hér að ofan takmarkast við að hámarki eitt dýr á ári.

Þetta ákvæði þessarar málsgreinar verður endurskoðað árið 2012 með það fyrir augum að hverfa frá því í áföngum.

4. Hlutfallið, sem um getur í 3. mgr., má hækka í allt að 40%, með fyrirvara um fyrirframleyfi lögbæra yfirvalds, í eftirfarandi sértilvikum:

- a) þegar ráðist er í meiri háttar stækkun á bújörðinni,
- b) þegar skipt er um dýrakyn,
- c) þegar uppbygging nýrrar búfjárgreinar er hafin,
- d) þegar hætta er á að kyn hverfi úr landbúnaði eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1974/2006 ⁽⁹⁾ og í því tilviki þurfa dýr af því kyni ekki nauðsynlega að vera eibær.

5. Við endurnýjun býgarðanna má skipta út 10% býflugnadrottninga og sveima fyrir ólífrænt ræktaðar býflugnadrottningar og sveima í lífrænum framleiðslueiningum að því tilskildu að býflugnadrottningarnar og sveimarnir séu hafðir í bygðum með vaxkökum með hunangi eða tilbúnum vaxtöflum frá lífrænum framleiðslueiningum.

2. Þáttur

Gripahús og búskaparhættir

10. gr.

Reglur sem varða aðbúnað

1. Einangrun, upphitun og loftræsting bygginga skal vera þannig að hringrás lofts, rykmagn, hiti, loftraki og styrkur gastegunda haldist innan slíkra viðmiðunarmarkna að tryggt sé að dýrunum verði ekki meint af. Byggingar skulu vera með góðri, náttúrlegri loftræstingu og hleypta inn nægri dagsbirtu.

2. Húsakostur fyrir búfé skal ekki vera lögboðinn á svæðum þar sem veðráttu er þannig að dýrin geta gengið úti.

3. Þéttleiki dýra í byggingum skal vera slíkur að tryggt sé að vel fari um dýrin, þeim líði vel og að tegundabundnum þörfum þeirra sé fullnægt, og skal einkum taka tillit til tegundar, kyns og aldurs viðkomandi dýra. Einnig skal taka tillit til atferlisfræðilegra þarfa dýranna sem eru einkum komnar undir stærð hópsins og kyni dýranna. Þéttleikinn skal tryggja velferð dýranna þannig að þau fái nægt rými til að geta staðið eðlilega, eigi hægt með að leggjast, snúa sér, þau geti sinnt eðlislægum líkamsþrifum og komið við öllum eðlilegum stellingum og hreyfingum, svo sem að þau geti teygst úr sér og að fuglar geti blakað vængjum.

4. Í III. viðauka er mælt fyrir um minnsta leyfilega yfirborðsflöt fyrir inni- og útisvæði, sem og aðra eiginleika húsakosts fyrir mismunandi tegundir og flokka dýra.

11. gr.

Sértækar reglur um aðbúnað og búskaparhætti fyrir spendýr

1. Gripahús skulu vera með sléttum, en ekki hálum gólfum. Minnst helmingur yfirborðsflatarins innandyrna, eins og tilgreint er í III. viðauka, skal vera heill, þ.e.a.s. hvorki rimlar né grindur.

2. Í húsunum skulu vera nægilega stór og þægileg, hreinleg og þurr svæði, þar sem dýrin geta legið og hvílst, og gólfíð skal vera heilt en ekki rimlar. Á hvíldarsvæðinu skal vera nægilegur og þurr undirburður. Undirburður skal vera hálmur eða annað heppilegt náttúru efni. Undirburðinn má bæta og auðga með hverjum þeim jarðefnum sem tilgreind eru í I. viðauka.

3. Þrátt fyrir 3. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 91/629/EBE ⁽¹⁰⁾ skal vera bannað að hafa kálfa eina í stíu eftir að þeir verða einnar viku gamlir.

4. Þrátt fyrir 8. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 91/630/EBE ⁽¹¹⁾ skal hafa gylltur í hópum nema á síðustu stigum fyrir got og meðan grísir eru á spena.

5. Smágrísi skal hvorki hafa á pöllum né í grísabúrum.

6. Svæði fyrir svín til að hreyfa sig skulu vera þannig að þau geti rótað þar og grafið og látið frá sér úrgang. Að því er rótið varðar má notast við ýmiss konar undirlag.

⁽⁹⁾ Stjútíð. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 15.

⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB L 340, 11.12.1991, bls. 28.

⁽¹¹⁾ Stjútíð. EB L 340, 11.12.1991, bls. 33.

12. gr.

Sértækar reglur um aðbúnað og búskaparhætti fyrir alifugla

1. Alifugla skal ekki hafa í búrum.
2. Vatnafuglar skulu hafa aðgang að straumvatni, tjörn, stöðuvatni eða tjörn hvenær sem veðráttu og hollustusamleg skilyrði leyfa til þess að tegundabundnar þarfir þeirra og kröfur um velferð dýra séu virtar.
3. Hús fyrir alla alifugla skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a) að minnsta kosti þriðjungur gólfplatnar skal vera heill, þ.e. hvorki rimlar né grindur, og þakinn undirburðarefni á borð við hálm, hefilspæni, sand eða torf,
 - b) í alifuglahúsum fyrir varphænur skal nægilega stór hluti gólfplatnar, sem hænurnar hafa aðgang að, vera ætlaður til að safna driti þeirra,
 - c) þar skulu vera prik af fjölda og lengd sem er í réttu hlutfalli við stærð hópsins og fuglanna, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka,
 - d) þar skulu vera op til að ganga inn og út um af stærð sem er við hæfi fuglanna og samanlögð lengd opanna skal minnst vera 4 m fyrir hverja 100 m² gólfplatnar sem fuglarnir hafa aðgang að í húsunum,
 - e) í hverju alifuglahúsi skulu ekki vera fleiri en:
 - i. 4800 kjúklingar,
 - ii. 3000 varphænur,
 - iii. 5200 perluhænsn,
 - iv. 4000 moskusandar- eða pekingandarkollur eða 3200 moskusandar- eða pekingandarsteggir eða aðrar endur,
 - v. 2500 geldhanar, gæsir eða kalkúnar,
 - f) á hverri einingu skal nýtanlegt heildarflatarmál alifuglahúsa, sem eru ætluð til kjötframleiðslu, ekki fara yfir 1600 m²,
 - g) alifuglahúsin skulu þannig byggð að allir fuglarnir hafi greiðan aðgang að útisvæðum.
4. Heimilt er að nota gervilyðingu til viðbótar dagsbirtu svo að veita megi að hámarki 16 klukkustunda birtu á dag með samfelldri næturhvíld án gervilyðingar í a.m.k. 8 klukkustundir.

5. Til að koma í veg fyrir notkun þéttbærra eldisaðferða skulu alifuglar annaðhvort aldir þar til þeir ná ákveðnum lágmarksaldri eða að öðrum kosti vera af hægvoxandi alifuglastofnum. Þegar rekstaraðilinn notast ekki við hægvoxandi alifuglastofna skal lágmarksaldur við slátrun vera eftirfarandi:

- a) 81 dagar fyrir kjúklinga,
- b) 150 dagar fyrir geldhana,
- c) 49 dagar fyrir pekingendur,
- d) 70 dagar fyrir moskusandarkollur,
- e) 84 dagar fyrir moskusandarsteggi,
- f) 92 dagar fyrir stokkendur,
- g) 94 dagar fyrir perluhænsn,
- h) 140 dagar fyrir kalkúnshana og aligæsir og i) 100 dagar fyrir kalkúnshænur.

Lögbæra yfirvaldið skal skilgreina viðmiðin fyrir hægvoxandi stofna eða útbúa skrá yfir þá og sjá rekstraraðilum, öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni fyrir þessum upplýsingum.

13. gr.

Sértækar kröfur og aðbúnaður í býrækt

1. Staðsetning býgarða skal vera þannig að innan 3 km geisla frá býgarðinum séu hunangslagar- og frjókornagjafar mestmegnis lífrænt ræktaðar plöntur og/eða villtur gróður og/eða plöntur sem hafa verið meðhöndlaðar samkvæmt aðferðum sem hafa lítil áhrif á umhverfið og eru jafngildar þeim aðferðum sem lýst er í 36. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005⁽¹²⁾ eða í 22. gr. reglugerðar ráðsins 1257/1999⁽¹³⁾ sem geta ekki haft áhrif á það hvort býræktarframleiðslan flokkast sem lífræn eða ekki. Framangreindar kröfur gilda ekki þar sem blómgun verður ekki eða býflugnabúin eru í dvala.
2. Aðildarríkin geta tiltekið land eða svæði þar sem ekki er raunhæft að stunda býrækt sem samræmist reglum um lífræna framleiðslu.
3. Býflugnabúin skulu í meginatriðum vera úr náttúruafni sem skapar ekki hættu á mengun fyrir umhverfið eða býræktarafurðirnar.

⁽¹²⁾ Stjtuð. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtuð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80.

4. Bývaxið, sem er notað í nýja ramma, skal vera frá lífrænum framleiðslueiningum.

16. gr.

5. Með fyrirvara um 25. gr. má einungis nota náttúruafurðir, s.s. býþetti, vax og plöntuolíur, í býflugnabúunum.

6. Notkun tilbúinna fæliefna er bönnuð meðan hunangstekja fer fram.

7. Slenging hunangs úr vaxkökum sem í eru ungvíði er bönnuð.

14. gr.

Aðgangur að útisvæðum

- Útisvæði mega vera að hluta til yfirbyggð.
- Grasbítar skulu hafa aðgang að bithaga til beitar hvenær sem aðstæður leyfa, í samræmi við iii. lið b-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- Þegar grasbítar hafa aðgang að bithaga á beitartímabilinu og ef þeir eru í lausagöngu í húsi á veturna má falla frá þeirri skyldu að sjá þeim fyrir útisvæðum að vetrarlagi.
- Þrátt fyrir 2. mgr. skulu naut eldri en árgömul hafa aðgang að beitilandi eða útisvæði.
- Alifuglar skulu hafa aðgang að útisvæði a.m.k. þriðjung ævi sinnar.
- Útisvæði fyrir alifugla skulu að mestu leyti vera gróin svæði þar sem dýrin geta fundið sér skjól og alifuglar skulu hafa greiðan aðgang að nægilega mörgum drykkjarlátum og fóðurtrogum.
- Ef alifuglum er haldið innandyra vegna takmarkana eða skyldna á grundvelli löggjafar Bandalagsins skulu þeir hafa varanlegan aðgang að nægilegu magni gróffóðurs og viðeigandi efni sem gerir þeim kleift að uppfylla atferlisfræðilegar þarfir sínar.

15. gr.

Þéttleiki dýra

- Heildarþéttleiki dýra skal ekki fara yfir mörkin 170 kíló af köfnunarefni á ári og á hvern hektara af landbúnaðarsvæði eins og um getur í 2. mgr. 3. gr.
- Til að ákvarða viðeigandi þéttleika dýra, sem um getur hér að framan, skal lögbært yfirvald aðildarríkjanna ákvarða hversu margar búfjäreiningar jafngilda framangreindum mörkum og hafa til viðmiðunar þær tölur sem mælt er fyrir um í IV. viðauka eða viðkomandi ákvæði landslaga sem samþykkt eru samkvæmt tilskipun 91/676/EBE.

Bann við landlausri búfjárframleiðslu

Landlaus búfjárframleiðsla, þar sem umráðandi búfjárins ræktar ekki land til landbúnaðar og/eða hefur ekki gert skriflegan samstarfssamning við annan rekstraraðila í samræmi við 3. mgr. 3. gr., er bönnuð.

17. gr.

Samhliða framleiðsla á lífrænt og ólífrænt öldu búfé

1. Heimilt er að hafa búfé, sem ekki er alið lífrænt, á bújörðinni að því tilskildu að það sé alið innan eininga þar sem byggingar og landspildur eru skýrt aðgreind frá þeim einingum þar sem stunduð er framleiðsla í samræmi við reglurnar um lífræna framleiðslu og að um aðra tegund sé að ræða.

2. Ólífrænt alið búfé má nota lífrænan bithaga í takmarkaðan tíma ár hvert að því tilskildu að slík dýr komi úr búrekstrarkerfi, eins og það er skilgreint í b-lið 3. mgr., og að lífrænt alin dýr séu ekki í bithaganum á sama tíma.

3. Lífrænt alin dýr má hafa á beit á sameiginlegu landi, að því tilskildu að:

- landið hafi ekki verið meðhöndlað með vörum, sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu, í a.m.k. þrjú ár,
- öll ólífrænt alin dýr, sem nota viðkomandi land, komi úr búrekstrarkerfum sem jafngilda þeim sem lýst er í 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005 eða í 22. gr. reglugerðar 1257/1999,
- búfjárafurðir af lífrænt öldum dýrum teljist ekki vera úr lífrænni framleiðslu á meðan þau nota þetta land nema hægt sé að færa sönnur á að búféð sé aðgreint frá ólífrænt öldum dýrum á fullnægjandi hátt.

4. Farbeitardýr mega bíta á ólífrænu landi þegar þau eru rekin af einu beitilandi yfir á annað. Inntaka á ólífrænu fóðri í formi grass og annars gróðurs, sem dýrin bíta á þessu tímabili, skal ekki fara yfir 10% af heildarhlutfalli fóðurs á ári. Þessa tölu skal reikna sem hundradshluta af þurrefni fóðurs úr landbúnaði.

5. Rekstraraðilar skulu halda til haga skriflegum sönnunargögnum um beitingu ákvæðanna sem um getur í þessari grein.

18. gr.

Stjórnun dýra

1. Aðgerðir á borð við að bregða teygju um dindil sauðkinda, taglskella/halaklippa dýr, klippa/skerða tennur eða gogga, eða afhorna dýr skal ekki stunda reglubundið í lífrænum búskap. Þó geta lögbær yfirvöld leyft, í hverju tilviki fyrir sig, sumar þessara aðgerða af öryggisástæðum eða ef þeim er ætlað að bæta heilbrigði, velferð eða hreinlæti búfjárins.

Þess skal gætt að dýrin þjáist sem minnst með því að beita fullnægjandi deyfingu/svæfingu og/eða verkjastillingu og með því að láta hæft starfslið framkvæma aðgerðirnar, einungis á því aldurskeiði dýranna þegar þau finna minnst fyrir því.

2. Vönun er leyfð í því skyni að viðhalda gæðum afurða og hefðbundnum framleiðsluáðferðum en einungis samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í annari undirgrein 1. mgr.

3. Sköddun, s.s. að klippa vængi býflugnadrottninganna, er bönnuð.

4. Ferming og afferming dýra skal fara fram án þess að nokkurs konar raförvun sé beitt til að þvinga dýrin. Notkun hefðbundinna róandi lyfja fyrir flutning eða í flutningi er bönnuð.

3. þáttur

Fóður

19. gr.

Fóður frá eigin bújörð eða frá öðrum lífrænum bújörðum

1. Þegar um er að ræða grasbíta, nema á þeim tíma á hverju ári þegar dýr fara milli bithaga skv. 4. mgr. 17. gr., skulu a.m.k. 50% af fóðrinu koma frá bújörðinni sjálfri eða, ef því verður ekki komið við, framleidd í samvinnu við aðrar lífrænar bújarðir sem eru fyrst og fremst á sama svæði.

2. Ef um er að ræða býflugur skal við lok framleiðsluskeiðsins skilja eftir nægilegan forða af hunangi og frjókornum í býflugnabúunum til að tryggja að þær lifi veturinn.

3. Fóðrun býflugnasambúa skal aðeins heimil ef afkomu býflugnabúanna er stefnt í hættu vegna loftslagsskilyrða og eingöngu á tímabilinu frá lokum síðustu hunangssöfnunar og þar til 15 dögum áður en næsta tímabil söfnunar á hunangslagi og hunangsdögg hefst. Fóðrið skal vera lífrænt hunang, lífrænt sykursýróp eða lífrænn sykur.

20. gr.

Fóður sem uppfyllir næringarþarfir dýra

1. Öll ungvíði spendýra skulu alin á móðurmjólk frekar en náttúrulegri mjólk: nautgripir að lágmarki í þrjá mánuði, þ.m.t. dýr af ættkvíslinni bubalus (bufflar) og ameríkuvísundar og dýr af hestaætt, sauðfé og geitur í 45 daga og svín í 40 daga.

2. Ræktunarkerfi fyrir grasbíta skulu byggjast á hámarksnotkun bithaga í samræmi við aðgengi að bithögum á hverjum árstíma. Að minnsta kosti 60% þurrefnis í daglegum fóðurskammti grasbíta skal vera gróffóður, nýtt eða þurrkað fóður, eða vothey. Heimilt að minnka þetta hlutfall í 50% fyrir dýr í mjólkurframleiðslu, í mest þrjá mánuði, snemma á mjólkurmyndunarskeiðinu.

3. Bæta skal gróffóðri, nýju eða þurrkuðu fóðri eða votfóðri í daglegan fóðurskammt svína og alifugla.

4. Bannað er að halda búfé við þannig aðstæður eða fóðra það þannig að það auki hættu á blóðleysi.

5. Mögulegt skal vera að hverfa frá sláturreldi hvenær sem er í eldisferlinu. Þvingunareldi er bannað.

21. gr.

Fóður í aðlögun

1. Að meðaltali má allt að 30% af fóðrinu í fóðurskömmtnum vera fóður í aðlögun. Ef fóðrið, sem er í aðlögun, er frá einingu, sem er hluti af bújörðinni sjálfri, má auka þetta hlutfall í 60%.

2. Að meðaltali má allt að 20% af því fóðri, sem búfé fær, fást með beit eða vera uppskera af landi sem er að staðaldri notað sem beitiland eða af landspildum með fjölærum fóðurjurtum á fyrsta aðlögunarári, að því tilskildu að viðkomandi land sé hluti af bújörðinni sjálfri og hafi ekki verið hluti af lífrænni framleiðslueiningu sömu bújarðar síðustu fimm árin. Ef bæði er notað fóður í aðlögun og fóður af landspildum á fyrsta aðlögunarári þeirra má samanlagt heildarhlutfall slíks fóðurs ekki vera meira en hámarkshlutinn sem fastsettur er í fyrstu málsgrein.

3. Reikna skal tölurnar í 1. og 2. mgr. árlega sem hlutfall af þurrefni fóðurs úr jurtaríkinu.

22. gr.

Afurðir og efni sem um getur í iv. lið d-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

1. Ólífræn fóðurefni úr jurta- eða dýraríkinu má nota í lífrænni framleiðslu með fyrirvara um takmarkanir sem mælt er fyrir um í 43. gr., en aðeins ef þau eru tilgreind í V. viðauka og farið er eftir takmörkunum sem þar er mælt fyrir um.

2. Lífræn fóðurefni úr dýraríkinu og fóðurefni úr steinefnum má nota í lífrænni framleiðslu en aðeins ef þau eru tilgreind í V. viðauka og farið er eftir takmörkunum sem þar er mælt fyrir um.

3. Afurðir og aukaafurðir frá fiskveiðum má nota í lífrænni framleiðslu en aðeins ef þau eru tilgreind í V. viðauka og farið er eftir takmörkunum sem þar er mælt fyrir um.

4. Fóðuruakefni, tiltekna afurðir, sem eru notaðar í fóður, og hjálparefni við vinnslu má nota í lífrænni framleiðslu en aðeins ef þau eru tilgreind í VI. viðauka og farið er eftir takmörkunum sem þar er mælt fyrir um.

4. þáttur

Forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða

23. gr.

Forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 24. gr. er notkun hefðbundinna dýralyfja, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, eða sýklalyfja sem fyrirbyggjandi meðhöndlun, bönnuð.

2. Notkun efna sem örva vöxt eða framleiðslu (þ.m.t. sýklalyf, hníslalyf og önnur tilbúin hjálparefni sem stuðla að auknum vexti) og notkun hormóna eða áþekkra efna í því skyni að stjórna æxlun eða í öðrum tilgangi (s.s. til að framkalla eða samstillta gangmál) er bönnuð.

3. Þegar búfé er fengið frá ólífrænum einingum geta sérstakar ráðstafanir átt við, s.s. skimunarprófanir eða sóttvarnatímabil, allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

4. Vistarverur, stíur, búnað og áhöld skal þrifa vandlega og sótthreinsa til að koma í veg fyrir að dýrin smiti hvert annað og að sjúkdómsberandi lífverur nái að hreiðra um sig. Skít, hland og óétið eða spillt fóður skal fjarlægja svo oft sem nauðsyn krefur til að minnka óþef og koma í veg fyrir að skordýr eða nagdýr dragist að.

Að því er varðar f-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má aðeins nota efni, sem tilgreind eru í VII. viðauka, við þrif og sótthreinsun í húsum og aðstöðu fyrir húsdýr og á áhöldum. Nagdýraeitur (eingöngu til notkunar í gildrum), og þau efni sem tilgreind eru í II. viðauka má nota við eyðingu skordýra og annarra skaðvalda í gripahúsum og annarri aðstöðu þar sem búfé er haldið.

5. Hús skulu standa tóm að loknu eldi hverrar lotu alifugla. Á þeim tíma skal hreinsa og sótthreinsa byggingar og innréttingar. Að loknu eldi hverrar lotu alifugla skal enn fremur láta gerði standa auð til að gróður nái að vaxa á ný.

Aðildarríkin skulu fastsetja tímabilin þegar gerðin eiga að vera auð. Rekstraraðilinn skal halda til haga skriflegum sönnunargögnum um að þetta tímabil hafi verið virt. Þessar kröfur gilda ekki ef alifuglar eru ekki aldir í lotum, eru ekki hafðir í gerðum og eru frjálssir ferða sinna yfir daginn.

24. gr.

Meðhöndlun dýralæknis

1. Þegar dýr verða veik eða slasast, þrátt fyrir forvarnarráðstafanir til að tryggja heilbrigði dýra eins og mælt er fyrir um í i. lið e-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skulu þau þegar í stað hljóta meðhöndlun, í einangrun ef nauðsyn krefur, og í viðeigandi vistarverum.

2. Nota skal jurtalækningalyf, smáskammtaafurðir, snefilefni og vörur, sem eru tilgreindar í 3. lið V. viðauka og lið 1.1 í VI. viðauka, fremur en að nota hefðbundin lyf til dýralækninga, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, að því tilskildu að lækningaverkun þeirra sé áhrifarík fyrir viðkomandi dýrategund og það ástand sem meðhöndlunin beinist að.

3. Ef notkun ráðstafananna, sem um getur í 1. og 2. mgr., kemur ekki að gagni við að berjast gegn sjúkdómi eða áverka og ef meðhöndlun er nauðsynleg til að koma í veg fyrir þjáningu eða nauð dýrsins er heimilt að nota hefðbundin dýralyf, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, eða sýklalyf á ábyrgð dýralæknis.

4. Ef dýr eða hópur dýra er meðhöndlaður oftari en þrisvar sinnum á 12 mánaða tímabili með hefðbundnum dýralyfjum, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, eða sýklalyfjum, eða er meðhöndlaður oftari en einu sinni ef afurðaskeið hans er styttra en eitt ár, að undanskildum bólusetningum, meðhöndlun vegna sníkjudýra og skyldubundnum útrýmingaráætlunum, er óheimilt að selja viðkomandi búfé eða afurðir úr því sem lífrænar afurðir og dýrin skulu fara í gegnum aðlögunartímamann sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 38. gr.

Halda skal skrár fyrir eftirlitsaðilann og eftirlitsyfirvaldið með skriflegum sönnunargögnum um að slíkar aðstæður hafi komið upp.

5. Biðtími til afurðanýtingar frá því að dýri er síðast gefið hefðbundið dýralyf við eðlileg notkunarskilyrði og þar til framleiddar eru lífrænar afurðir úr dýrinu skal vera tvöfaldur lögboðinn biðtími til afurðanýtingar, eins og um getur í 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB, en 48 klukkustundir ef þessi tími er ekki tilgreindur.

25. gr.

Sértækar reglur um forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða í býrækt

1. Eingöngu er heimilt að nota nagdýraeitur (eingöngu til notkunar í gildrum) og viðeigandi efni, sem tilgreind eru í II. viðauka, til að verja ramma, býflugnabú og vaxkökur með hunangi, einkum gegn skaðvöldum.
2. Heimilt er að beita eðlisfræðilegri meðhöndlun, t.d. gufu eða beinum loga, til að sóttþreinsa býgarða.
3. Aðeins má aflífa karllirfurnar svo hægt sé að einangra meindýrasmit af völdum *Varroa destructor*.
4. Ef sjúkdómur eða annað herjar á býflugnasambúin, þrátt fyrir allar forvarnarráðstafanir, skulu þau meðhöndluð þegar í stað og ef nauðsyn krefur má koma sambúunum fyrir í einangruðum býgördum.
5. Notkun dýralyfja í lífrænni býrækt er heimil svo fremi að samsvarandi notkun sé leyfð í aðildarríkinu í samræmi við viðeigandi ákvæði Bandalagsins eða landsákvæði sem eru í samræmi við lög Bandalagsins.
6. Heimilt er að nota maura-, mjólkur-, edik- og oxalsýru, svo og mentól, þýmól, evkalyptól og kamfóru, ef um er að ræða smit af völdum *Varroa destructor*.
7. Ef veitt er meðhöndlun með hefðbundnum lyfjum, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, skal meðhöndluðu sambúunum komið fyrir í einangruðum býgördum meðan meðhöndlunin varir og fjarlægja skal allt vax og setja í staðinn vax sem kemur frá lífrænni býrækt. Um þessi sambú gildir að því næst skal aðlögunartíminn vera eitt ár eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 38. gr.
8. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 7. mgr. gilda ekki um vörur sem eru tilgreindar í 6. mgr.

3. KAFLI

Unnar vörur

26. gr.

Reglur um framleiðslu á unnu fódri og matvælum

1. Aukefni, hjálparefni við vinnslu og önnur efni og innihaldsefni, sem notuð eru til að vinna matvæli eða fóður, og allar vinnsluáðferðir sem notaðar eru, s.s. reyking, skulu vera í samræmi við meginreglur um góða framleiðsluhætti.

2. Rekstraraðilar, sem framleiða unnið fóður eða matvæli, skulu koma á fót og uppfæra viðeigandi verklagsreglur sem byggjast á kerfisbundinni greiningu á mikilvægum vinnsluþrepum.

3. Notkun verklagsreglnanna, sem um getur í 2. mgr., skal ávallt tryggja að hinar framleiddu unnu vörur séu í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu.

4. Rekstraraðilar skulu fara að og beita verklagsreglunum sem um getur í 2. mgr. Einkum skulu rekstraraðilar:

- a) grípa til varúðarráðstafana til að koma í veg fyrir áhættu á mengun af völdum óleyfilegra efna eða vara,
- b) láta viðeigandi hreinsunaráðgerðir fara fram, vakta skilvirkni þeirra og skrá þessar áðgerðir,
- c) tryggja að ólífrænar vörur séu ekki settar á markað með merkingum sem vísa til lífrænna framleiðsluáðferða.

5. Til viðbótar við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. og 4. mgr., skal rekstraraðilinn, ef ólífrænar vörur eru einnig unnar eða geymdar í viðkomandi tilreiðslueiningu:

- a) láta vinnslu standa stöðugt yfir uns framleiðslulotunni hefur verið lokið að fullu á öðrum stað eða tíma en samsvarandi vinnsla á ólífrænum vörum,
- b) geyma lífrænar vörur, fyrir og eftir vinnslu, aðskildar frá ólífrænum vörum á öðrum stað eða tíma,
- c) tilkynna eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum þar um og hafa tiltæka uppfærða skrá yfir allar áðgerðir og unnið magn,
- d) grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja sanngreiningu á framleiðslulotum og forðast blöndun við eða skipti á lífrænum vörum,
- e) láta vinnslu á lífrænum vörum aðeins fara fram eftir að framleiðslubúnaðurinn hefur verið hreinsaður á viðeigandi hátt.

27. gr.

Notkun á tilteknum vörum og efnum við vinnslu matvæla

1. Að því er varðar b-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má aðeins nota eftirfarandi efni við vinnslu lífrænna matvæla, að undanskildu víni:

- a) efni sem eru tilgreind í VIII. viðauka við þessa reglugerð,

b) örveru- og ensímblöndur sem að öllu jöfnu eru notaðar við matvælavinnslu,

28. gr.

c) efni og vörur, eins þau eru skilgreind í i. lið b-liðar 2. mgr. 1. gr. og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 88/388/EBE⁽¹⁴⁾, sem eru merkt sem náttúruleg bragðefni eða náttúrulegar bragðefnablöndur í samræmi við d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. þeirrar tilskipunar,

d) litarefni til að stimpla kjöt eða eggjaskurn í samræmi við 8. mgr. 2. gr. og 9. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB⁽¹⁵⁾, eftir því sem við á,

e) drykkjarvatn og salt (með natríumklóríð og kalíumklóríð sem grunnefnisþætti) sem eru að jafnaði notuð í matvælavinnslu,

f) steinefni (þ.m.t. snefilefni), vítamín, amínósýrur og snefilefni eru aðeins leyfð að því tilskildu að lög mæli fyrir um notkun þeirra í viðkomandi matvælum.

2. Að því er varðar útreikninginn sem um getur í ii. lið a-liðar 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

a) skal reikna aukefni í matvælum, sem tilgreind eru í VIII. viðauka og merkt eru með stjörnu í dálkinum með kenninúmeri aukefnisins, sem innihaldsefni úr landbúnaði,

b) skal ekki reikna efnablöndur og efni, sem um getur í b-, c-, d-, e- og f-lið 1. mgr. þessarar greinar og efni sem ekki eru merkt með stjörnu í dálkinum með kenninúmeri aukefnisins, sem innihaldsefni úr landbúnaði.

3. Notkun eftirfarandi efna, sem tilgreind eru í VIII. viðauka, skal endurskoðuð fyrir 31. desember 2010:

a) natríumnítríts og kalíumnítrats í A-þætti, með það í huga að afturkalla þessi aukefni,

b) brennisteinsdíoxíðs og kalíummetabísúlfíts í A-þætti,

c) saltsýru í B-þætti vegna vinnslu á Gouda-, Edam- og Maasdammer-ostum, Boerenkaas, Friese og Leidse Nagelkaas.

Endurskoðunin, sem um getur í a-lið, skal taka mið af viðleitni aðildarríkjanna til að finna aðra örugga kosti en nítrít/nítröt og koma á fót viðeigandi námi í öðrum vinnsluáðferðum og hollustuháttum fyrir vinnsluáðila/framleiðendur á lífrænu kjöti.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

Notkun tiltekinna ólífrænna innihaldsefna úr landbúnaði við vinnslu matvæla

Að því er varðar c-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má nota ólífræn innihaldsefni úr landbúnaði, sem tilgreind eru í IX. viðauka við þessa reglugerð, við vinnslu lífrænna matvæla.

29. gr.

Leyfi aðildarríkja fyrir ólífrænum innihaldsefnum matvæla úr landbúnaði

1. Ef innihaldsefni úr landbúnaði er ekki tilgreint í IX. viðauka við þessa reglugerð má aðeins nota viðkomandi innihaldsefni samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) rekstraraðilinn hefur framvísað öllum nauðsynlegum gögnum hjá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem sýnt er fram á að viðkomandi innihaldsefni sé ekki framleitt í nægjanlegu magni innan Bandalagsins, í samræmi við reglurnar um lífræna framleiðslu, eða að ekki sé hægt að flytja þau inn frá þriðju löndum,

b) lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu hefur heimilað notkun innihaldsefnisins til bráðabirgða, í 12 mánuði hið mesta, eftir að hafa gengið úr skugga um að rekstraraðilinn hafi haft nauðsynlegt samband við birgja í Bandalaginu til þess að fullvissa sig um að viðkomandi innihaldsefni með nauðsynlega eiginleika séu ófánleg,

c) að engin ákvörðun hafi verið tekin, í samræmi við ákvæði 3. eða 4. mgr., um að veitt leyfi fyrir viðkomandi innihaldsefni skuli afturkallað.

Aðildarríkið má framlengja leyfið, sem kveðið er á um í b-lið, þrisvar sinnum hið mesta og í 12 mánuði í senn.

2. Hafi leyfi, eins og um getur í 1. mgr., verið veitt skal viðkomandi aðildarríki án tafar veita hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar um eftirfarandi:

a) dagsetningu leyfisins og, ef um er að ræða framlengingu á leyfi, dagsetningu fyrsta leyfisins,

b) nafn, heimilisfang, símanúmer og, ef við á, símbréfsnúmer og tölvupóstfang leyfishafa; nafn og heimilisfang tengiliðs við yfirvaldið sem veitti leyfið,

c) heiti viðkomandi innihaldsefnis úr landbúnaði og, ef nauðsyn krefur, nákvæma lýsingu á því og gæðakröfur sem það þarf að uppfylla,

- d) í hvaða vörutegund umbeðið innihaldsefni er nauðsynlegur efnisþáttur,
- e) nauðsynlegt magn og rökstuðningur fyrir þessu magni,
- f) ástæður fyrir skortinum og hve lengi er búist við að hann vari,
- g) hvaða dag aðildarríkið sendir hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þessa tilkynningu. Framkvæmdastjórninni og/eða aðildarríkjunum er heimilt að veita almenningi þessar upplýsingar.

3. Leggi aðildarríki athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina eða aðildarríkið sem veitti leyfið, þar sem fram kemur að nægar birgðir af viðkomandi innihaldsefni séu fáanlegar á tímabilinu sem skortur er talinn vara, skal aðildarríkið íhuga hvort afturkalla beri leyfið eða stytta fyrirhugaðan gildistíma þess og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þær ráðstafanir, sem það hefur gripið til eða hyggst grípa til, innan 15 virkra daga eftir móttöku upplýsinganna.

4. Að beiðni aðildarríkis eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar skal málið sent nefndinni, sem framkvæmdastjórnin kom á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, til athugunar. Heimilt er að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þeirrar greinar, að áður veitt leyfi skuli afturkallað eða gildistíma þess breytt eða, eftir því sem við á, að viðkomandi innihaldsefni verði tekið upp í IX. viðauka við þessa reglugerð.

5. Þegar um er að ræða framlengingu, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr., gildir málsmeðferðin í 2. og 3. mgr.

4. KAFLI

Söfnun, þökkun, flutningur og geymsla á vörum

30. gr.

Söfnun á vörum og flutningur til tilreiðslueininga

Rekstraraðilar mega safna lífrænum og ólífrænum vörum samtímis, en aðeins þegar viðeigandi ráðstafanir eru gerðar til að koma í veg fyrir mögulega blöndun eða skipti við ólífrænar vörur og til að tryggja sanngreiningu á lífrænum vörum. Rekstraraðili skal hafa upplýsingar um söfnunardaga, -tíma og -leið og hvaða dag og hvenær dags tekið er við vörunum tiltækar fyrir eftirlitsaðilann eða -yfirvaldið.

31. gr.

Þökkun og flutningur á vörum til annarra rekstraraðila eða eininga

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að lífrænar vörur séu eingöngu fluttar til annarra eininga, þ.m.t. heildsala og

smásala, í viðeigandi þakkingum, flátum eða ökutækjum, sem þannig er lokað að ekki er unnt að skipta um innihald í þeim án þess að hrófla við innsiglinu eða skemma það, og með merkimiða þar sem fram kemur, með fyrirvara um aðrar merkingar sem krafist er samkvæmt lögum:

- a) nafn og heimilisfang rekstraraðilans og, þegar það er annar aðili, eiganda eða seljanda vöru,
- b) heiti vörunnar eða lýsing á fódurblöndunni ásamt tilvísun til lífrænnar framleiðsluáðferðar,
- c) nafn og/eða kenninúmer eftirlitsaðilans eða -yfirvaldsins sem rekstraraðilinn heyrir undir, og d) ef við á, auðkenni framleiðslulotunnar samkvæmt auðkenniskerfi sem annaðhvort er samþykkt á landsvísu eða sem samningur hefur náðst um við eftirlitsaðilann eða -yfirvaldið og sem gerir kleift að tengja lotuna bókhaldinu sem um getur í 66. gr.

Upplýsingarnar, sem um getur í a- til d-lið í fyrstu undirgrein, má einnig setja fram í fylgiskjali ef hægt er að tengja það á öyggjandi hátt þakkingunni, flátinu eða ökutækinu sem afurðin er flutt í. Í fylgiskjalinu skulu vera upplýsingar um birgi og/eða flutningsaðila.

2. Þess skal ekki krafist að þakkingum, flátum eða ökutækjum sé lokað ef:

- a) flutningur fer fram beint milli rekstraraðila og annars rekstraraðila sem falla báðir undir eftirlitskerfið með lífrænum afurðum og b) vörunum fylgir skjal með upplýsingunum sem krafist er skv. 1. mgr og c) bæði rekstraraðili sem sendir og rekstraraðili sem er viðtakandi halda til haga skjalfestum gögnum um slíkar flutningsáðgerðir sem eru tiltækar eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi slíkra flutningsáðgerða.

32. gr.

Sérreglur um flutning á fódri til annarra framleiðslu-/ tilreiðslueininga eða geymslusvæða

Auk ákvæðanna í 31. gr. skulu rekstraraðilar tryggja, þegar fóður er flutt til annarra framleiðslu- eða tilreiðslueininga eða geymslusvæða, að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) lífrænt framleiddu fódri, fódri í aðlögun og ólífrænu fódri skal haldið vel aðgreindu í flutningi,

- b) ökutækin og/eða ílátin, sem hafa verið notuð til að flytja ólífrænar vörur, eru notuð til að flytja lífrænar afurðir að því tilskildu að:
- viðeigandi hreinsunaraðgerðir hafi farið fram og gengið úr skugga um skilvirkni þeirra áður en hafist er handa við flutning á lífrænum vörum; rekstraraðilar skulu skrá þessar aðgerðir,
 - allar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar, með hliðsjón af þeirri áhættu sem metin er í samræmi við 3. mgr. 88. gr., og ef nauðsyn krefur skulu rekstraraðilar ábyrgjast að ekki sé hægt að setja ólífrænar vörur á markað með merkingum sem vísa til lífrænnar framleiðslu,
 - rekstraraðilinn haldi til haga skjalfestum gögnum um slíkar flutningsaðgerðir sem eru tiltækar eftirlit-saðílanum eða eftirlitsyfirvaldinu,
- c) flutningur á fullunnu lífrænu fódri skal fara fram aðgreint frá flutningi á öðrum fullunnum vörum í rúmi eða tíma,
- d) í flutningi skal skrá magn vörunnar í upphafi og við hverja afhendingu.

33. gr.

Móttaka á vörum frá öðrum einingum og öðrum rekstraraðilum

Þegar rekstraraðili tekur við lífrænni afurð skal hann kanna hvort pakkningar eða ílát séu lokað, sé þess krafist, og hvort merkingar, sem kveðið er á um í 31. grein, séu til staðar.

Rekstraraðilinn skal bera saman upplýsingarnar á merkimiðanum, sem um getur í 31. gr., við upplýsingarnar í fylgiskjölunum. Geta skal um niðurstöður þessarar sannprófunar með skýrum hætti í skriflega bókhaldinu sem um getur í 66. gr.

34. gr.

Sérreglur um móttöku á vörum frá þriðja landi

Flytja skal lífrænar vörur inn frá þriðja landi í viðeigandi pakkningum eða ílátum, sem þannig er lokað að ekki er unnt að skipta um innihald í þeim, og þar sem fram koma deili á útflytjanda og önnur merki og tölur, sem gera kleift að sanngreina lotuna, og með eftirlitsvottorðinu um innflutning frá þriðju löndum eins og við á.

Þegar fyrsti viðtakandi tekur við lífrænni vöru, sem er flutt inn frá þriðja landi, skal hann athuga hvort pakkningar eða ílát séu

lokað og, ef um er að ræða vörur sem fluttar eru inn í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skal hann athuga að vottorðið sem getið er um í þeirri grein taki til vöru-tegundarinnar í vörusendingunni. Geta skal um niðurstöður þessarar sannprófunar með skýrum hætti í skriflega bókhaldinu sem um getur í 66. gr. þessarar reglugerðar.

35. gr.

Geymsla á vörum

- Svæði til geymslu á vörum skulu skipulögð þannig að tryggt sé að unnt sé að sanngreina framleiðslulotur og forðast blöndun við eða mengun frá vörum og/eða efnum sem ekki eru í samræmi við reglurnar um lífræna framleiðslu. Lífrænar vörur skulu vera sanngreinanlegar á skýran hátt hvenær sem er.
 - Ef um er að ræða lífrænar plöntu- og búfjárframleiðslu-einingar er geymsla aðfanga, annarra en þeirra sem er heimilúð samkvæmt þessari reglugerð, bönnuð í framleiðslueiningunni.
 - Geymsla hefðbundinna dýralyfja og sýklalyfja á bújörðum er heimil að því tilskildu að dýralæknir hafi gefið út lyfseðil fyrir þeim í tengslum við meðhöndlun, eins og um getur í ii. lið e-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, að þau séu geymd undir eftirliti og færð í búfjárskýrslu eins og um getur í 76. gr. þessarar reglugerðar.
 - Ef rekstraraðilar meðhöndla bæði ólífrænar vörur og lífrænar vörur og hinar síðarnefndu eru geymdar í geymsluádstöðu þar sem aðrar landbúnaðarafurðir eða matvæli eru einnig geymd:
- skal halda lífrænu vörunum aðskildum frá öðrum landbúnaðarafurðum og/eða matvælum,
 - skal gera allar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að sanngreina vörusendingar og forðast blöndun við eða skipti á lífrænum vörum,
 - skulu viðeigandi hreinsunaraðgerðir hafa farið fram og gengið úr skugga um skilvirkni þeirra áður en lífrænar vörur eru settar í geymslu; rekstraraðilar skulu skrá þessar aðgerðir.

5. KAFLI

Reglur um aðlögun

36. gr.

Plöntur og plöntuafurðir

- Til að plöntur og plöntuafurðir geti talist lífrænar þarf framleiðslureglunum, sem um getur í 9., 10., 11., og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og 1. kafla þessarar reglugerðar, að hafa verið fylgt, og, eftir atvikum, framleiðslureglum í sérstökum undantekningartilvikum í 6. kafla þessarar reglugerðar, á landspildunum á aðlögunartíma, sem er a.m.k. tvö ár fyrir sáningu, eða, ef um er að ræða graslendi eða

fjölærar fóðurjurtir, a.m.k. tvö ár áður en þau eru notuð sem fóður úr lífrænum búskap eða, ef um er að ræða fjölæra ræktun aðra en fóðurjurtir, a.m.k. þrjú ár fyrir fyrstu uppskeru lífrænna afurða.

2. Lögbæra yfirvaldið getur ákveðið að viðurkenna afturvirkta hvaða fyrri tímabil sem er sem hluta af aðlögunartímanum þar sem:

- a) landspildurnar féllu undir ráðstafanir sem skilgreindar eru í áætlun sem framkvæmd var samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 1257/99, (EB) nr. 1698/2005 eða samkvæmt annarri opinberri áætlun að því tilskildu að viðkomandi ráðstafanir tryggja að vörur, sem ekki eru leyfðar í lífrænni framleiðslu, hafi ekki verið notaðar á þessum landspildum, eða
- b) landspildurnar voru náttúrleg svæði eða landbúnaðarsvæði sem voru ekki meðhöndluð með vörum sem ekki eru heimilaðar í lífrænni framleiðslu.

Tímabilið, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, má einungis líta á sem afturvirkta þegar fullnægjandi sannanir hafa verið lagðar fyrir lögbært yfirvald sem gera því kleift að fullvissa sig um að skilyrðin hafi verið uppfyllt í a.m.k. þrjú ár.

3. Lögbæra yfirvaldið getur ákveðið, í tilteknum tilvikum ef land hefur mengast af vörum sem ekki eru leyfðar í lífrænni framleiðslu, að lengja aðlögunartímann umfram það tímabil sem um getur í 1. mgr.

4. Ef um er að ræða landspildur, sem þegar er búið að aðlaga eða sem verið var að aðlaga að lífrænum búskap, sem voru meðhöndlaðar með vörum sem ekki er leyfð í lífrænni framleiðslu, geta aðildarríkin stytta aðlögunartímann, sem um getur í 1. mgr., í eftirfarandi tveimur tilvikum:

- a) landspildur sem hafa verið meðhöndlaðar með vörum sem ekki er leyfð í lífrænni framleiðslu, sem hluti af skyldubundinni varnarráðstöfun gegn sjúkdómi eða skaðvaldi sem lögbært yfirvald aðildarríkisins grípur til,
- b) landspildur sem hafa verið meðhöndlaðar með vörum sem ekki er leyfð í lífrænni framleiðslu, sem hluti af vísindalegum prófunum sem lögbært yfirvald aðildarríkisins hefur samþykkt.

Í tilvikunum, sem kveðið er á um í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skal lengd aðlögunartímans ákveðin með hliðsjón af eftirfarandi þáttum:

- a) tryggt skal að eftir að viðkomandi afurð hefur brotnað niður hafi aðeins orðið eftir óverulegt magn efnaleifa í jarðvegi við lok aðlögunartímans og, ef um fjölæra ræktun er að ræða, í plöntunni,

- b) óheimilt er að selja afurð að lokinni meðhöndlun með tilvísun til lífrænna framleiðsluáðferða.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína um að gera kröfu um skyldubundnar ráðstafanir.

37. gr.

Sérstakar reglur um aðlögun fyrir land þar sem lífræn búfjárframleiðsla fer fram

1. Reglur um aðlögun, sem um getur í 36. gr. þessarar reglugerðar, skulu gilda um allt svæði framleiðslueiningarinnar þar sem fóður er framleitt.

2. Þrátt fyrir ákvæðin í 1. mgr. má stytta aðlögunartímann í eitt ár fyrir bithaga og útisvæði fyrir tegundir sem ekki eru grasbítar. Stytta má þetta tímabil í sex mánuði hafi viðkomandi land ekki verið meðhöndlað á næstliðnu ári með vörum sem ekki eru leyfðar í lífrænni framleiðslu.

38. gr.

Búfé og búfjárafurðir

1. Ef ólífrænt alíð búfé er flutt til bújarðar samkvæmt ii. lið a-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 eða 9. gr. og/eða 42. gr. þessarar reglugerðar og ef selja á búfjárafurðir sem lífrænar afurðir skal framleiðslureglunum, sem um getur í 9., 10., 11. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í 2. kafla II. bóks og eftir atvikum í 42. grein þessarar reglugerðar, hafa verið beitt í a.m.k.:

- a) 12 mánuði ef um er að ræða hesta eða nautgripi, þ.m.t. af ættkvíslinni bubalus (bufflar) og ameríkuvísundar, sem eru aldir til kjötframleiðslu og í öllum tilvikum í a.m.k. þrjú fjórðu hluta af æviskeiði þeirra,
- b) sex mánuði ef um er að ræða smá jörturdýr og svín og dýr til mjólkurframleiðslu,
- c) 10 vikur ef um er að ræða alifugla til kjötframleiðslu, sem komið er með áður en þeir ná þriggja daga aldri,
- d) sex vikur ef um er að ræða alifugla til eggjaframleiðslu.

2. Ef ólífrænt alin dýr eru á bújörð í upphafi aðlögunartíma í samræmi við iii. lið a-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má flokka afurðir þeirra sem lífrænar ef aðlögun á allri framleiðslueiningunni er gerð samhliða, þ.m.t. búfé, bithagar og/eða sérhvert landsvæði sem er notað til ræktunar á

fóðri. Samanlagðan heildaraðlögunartíma, bæði fyrir dýr sem þegar eru til staðar og afkvæmi þeirra, bithaga og/eða sérhvert landsvæði sem notað er til ræktunar á fóðri, má stytta í 24 mánuði ef dýrin eru að mestu leyti fóðruð á afurðum frá framleiðslueiningunni.

3. Aðeins má selja afurðir úr býrækt með tilvísun til lífrænnar framleiðsluaðferðar ef farið hefur verið eftir reglum um lífræna framleiðslu í a.m.k. eitt ár.

4. Aðlögunartími fyrir býgarða gildir þó ekki ef um er að ræða beitingu 5. mgr. 9. gr. í þessari reglugerð.

5. Á meðan á aðlögunartímanum stendur skal vaxinu skipt út fyrir vax sem kemur úr lífrænni býrækt.

6. KAFLI

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum

1. Þáttur

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum, sem tengjast veðurfarslegum, landfræðilegum eða kerfislægum hömlunum, í samræmi við a-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

39. gr.

Tjóðrun dýra

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við geta lögbær yfirvöld heimilað að nautgripir á litlum bújörðum séu tjóðraðir ef ekki er hægt að halda gripunum í hópum sem hæfa atferliþörfum þeirra, að því tilskildu að þeir hafi aðgang að bithögum meðan á beitartímabili stendur, í samræmi við 2. mgr. 14. gr., og aðgang að útisvæðum a.m.k. tvisvar í viku þegar beit er ekki möguleg.

40. gr.

Samhliða framleiðsla

1. Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við getur framleiðandi rekið lífrænar og ólífrænar framleiðslueiningar á sama svæði:

a) ef um er að ræða framleiðslu fjölærra nytjaplantna sem þurfa a.m.k. þriggja ára ræktunartímabil, ef það er erfðeigileikur háð að greina á milli afbrigða, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. framleiðslan, sem um er að ræða, er hluti af nýskipunarátætlun sem framleiðandi skuldbindur sig formlega til að fylgja en samkvæmt henni skal hefjast handa við að skipta yfir í lífræna framleiðslu á síðasta

hluta svæðisins sem um er að ræða svo fljótt sem auðið er og í öllu falli innan fimm ára,

ii. gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að afurðir frá öllum viðkomandi einingum séu ávallt skildar að,

iii. eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila er tilkynnt um uppskeru allra viðkomandi afurða með a.m.k. 48 klukkustunda fyrirvara,

iv. þegar uppskeru lýkur tilkynnir framleiðandi eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila strax um nákvæmt magn sem er uppskorið af viðkomandi einingum og um þær ráðstafanir sem beitt var til að aðskilja afurðirnar,

v. lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt nýskipunararáætlunina og eftirlitsráðstafanirnar sem um getur í 1. og 2. kafla IV. bóka; þetta samþykki skal staðfesta árlega eftir að nýskipunarátætluninni hefur verið hrint í framkvæmd,

b) ef um er að ræða svæði til landbúnaðarrannsóknna eða formlegrar menntunar sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa samþykkt, að því tilskildu að skilyrðin, sem sett eru fram í ii., iii. og iv. lið a-liðar og viðeigandi hluta v. liðar hafi verið uppfyllt,

c) ef um er að ræða fræmleiðslu, framleiðslu plöntufjölgunarefna og örgræðlinga og að því tilskildu að skilyrðin, sem sett eru fram í ii., iii. og iv. lið a-liðar og viðeigandi hluta v. liðar, hafi verið uppfyllt,

d) ef um er að ræða graslendi sem eingöngu er notað til beitar.

2. Lögbæra yfirvaldið getur heimilað bújörðum, sem framkvæma landbúnaðarrannsóknir eða halda úti formlegri menntun, að ala lífrænt og ólífrænt ræktað búfé af sömu tegund ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gerðar hafa verið viðeigandi ráðstafanir, sem tilkynntar eru fyrirfram til eftirlitsyfirvaldsins eða eftirlitsaðilans, í því skyni að tryggja varanlegan aðskilnað búfjár, búfjárafurða, húsdýraáburðar og fóðurs í hverri einingu,

b) framleiðandi gerir eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila viðvart fyrir fram áður en búfé eða búfjárafurðir eru afhentar eða seldar,

c) rekstraraðilinn gerir eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila nákvæmlega grein fyrir því magni, sem framleitt er innan eininganna, ásamt öllum einkennum sem gera það kleift að sanngreina afurðirnar, og staðfestir að gerðar hafi verið ráðstafanir til að aðskilja afurðirnar.

41. gr.

Rekstur býræktareininga til frævnar

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við getur rekstraraðilinn, þegar um er að ræða frævnun, rekið lífrænar og ólífrænar býræktareiningar á sömu bújörð að því tilskildu að öllum kröfum í reglum um lífræna framleiðslu sé fullnægt, að undanskildum ákvæðum um staðsetningu býgarðanna. Í því tilviki er óheimilt að selja afurðina sem lífræna afurð.

Rekstraraðilinn skal halda til haga skriflegum sönnunargögnum um notkun þessa ákvæðis.

2. þáttur

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningar-tilvikum sem tengjast ófáanleika lífrænna aðfanga til bújarða í samræmi við b-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

42. gr.

Notkun ólífrænt alinna dýra

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við og með fyrirframleyfi lögbærra yfirvalda,

- er leyfilegt, þegar hóp er komið upp í fyrsta sinn, hann endurnýjaður eða byggður upp að nýju og ekki eru fáanlegir nógu margir lífrænt aldir alifuglar, að flytja ólífrænt alda alifugla inn í lífrænna framleiðslueiningu með alifugla, að því tilskildu að varphænur til eggjaframleiðslu og alifuglar til kjötframleiðslu séu yngri en þriggja daga,
- má flytja ólífrænt aldar varphænur til eggjaframleiðslu, sem eru ekki eldri en 18 vikna, inn í lífræna framleiðslueiningu fram til 31. desember 2011 ef lífrænt aldar varphænur standa ekki til boða og að því tilskildu að viðeigandi ákvæðum, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. þætti 2. kafla, sé fullnægt.

43. gr.

Notkun ólífrænt ræktaðs fódurs úr landbúnaði

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við er heimilt að nota takmarkað hlutfall af ólífrænu fóðri úr jurta- og dýraríkinu ef bændum er ókleift að afla fódurs eingöngu úr lífrænni

framleiðslu. Mesta leyfilega hlutfall af ólífrænu fóðri á hverju 12 mánaða tímabili fyrir aðrar tegundir en grasbíta skal vera:

- 10% á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2009,
- 5% á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2011.

Tölurnar skal reikna árlega sem hlutfall af þurrefni fódurs úr landbúnaði. Mesta leyfilega hlutfall af ólífrænu fóðri í daglegum skammti skal vera 25%, reiknað sem hundradshluti þurrefnis.

Rekstraraðilinn skal halda til haga skriflegum sönnunargögnum um nauðsyn þess að nota þetta ákvæði.

44. gr.

Notkun ólífræns bývax

Ef um er að ræða nýja aðstöðu eða á meðan á aðlögunartíma stendur má aðeins nota ólífrænt bývax

- ef bývax frá lífrænni býrækt er ekki fáanlegt á markaði,
- ef sýnt hefur verið fram á að það er laust við mengun af völdum efna sem ekki eru heimilud í lífrænni framleiðslu og c) að því tilskildu að það komi úr vaxlokum (e. *from the cap*).

45. gr.

Notkun fræs eða plöntufjölgunarefnis sem ekki er framleitt samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni

- Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við,
 - má nota fræ og plöntufjölgunarefni frá framleiðslueiningu sem er í aðlögun að lífrænum búskap,
 - mega aðildarríkin, ef a-liður á ekki við, heimila notkun á ólífrænum fræjum eða plöntufjölgunarefnum ef þau eru ekki fáanleg úr lífrænni framleiðslu. Þó gilda eftirfarandi 2. til 9. mgr. að því er varðar notkun á ólífrænu fræi og útsæðiskartöflum.

2. Nota má ólífræn fræ og útsæðiskartöflur að því tilskildu að fræin eða útsæðiskartöflurnar séu ekki meðhöndlaðar með öðrum plöntuvarnarefnum en þeim sem heimilud eru til að meðhöndla fræ í samræmi við 1. mgr. 5. gr., nema lögbær yfirvöld aðildarríkis hafi mælt fyrir um efnameðhöndlun með tilliti til plöntuheilbrigðis í samræmi við tilskipun ráðsins 2000/29/EB⁽¹⁶⁾ að því er varðar öll yrki tilteknar tegundar á því svæði þar sem nota á fræ eða útsæðiskartöflur.

⁽¹⁶⁾ Stjttð. EB L 169, 10.7.2000, bls. 1.

3. Í X. viðauka eru settar fram þær tegundir lífrænt ræktaðra fræja eða útsæðiskartaflna sem sýnt hefur verið fram á að til sé nægilegt magn og verulegur fjöldi yrkja af alls staðar í Bandalaginu.

Ekki er heimilt að veita leyfi samkvæmt b-lið 1. mgr., vegna tegundanna sem tilgreindar eru í X. viðauka, nema það sé réttlætt á grundvelli einhverra af þeim ástæðum sem um getur í d-lið 5. mgr.

4. Aðildarríki mega framselja ábyrgðina á því að veita leyfið, sem um getur í b-lið 1. mgr., til annarrar opinberrar stjórnsýslustofnunar, sem er undir þeirra eftirliti, eða til eftirlitsyfirlvalda eða eftirlitsaðila sem um getur í 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

5. Eingöngu er heimilt að veita leyfi til að nota fræ eða útsæðiskartöflur, sem eru ekki framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni, í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef ekkert yrki af þeim tegundum sem notandi vill fá er skráð í gagnagrunninn sem um getur í 48. gr.,
- b) ef enginn birgir, þ.e. rekstraraðili sem setur fræ eða útsæðiskartöflur á markað handa öðrum rekstraraðilum, getur útvegað fræið eða útsæðiskartöflurnar fyrir sáningu eða gróðursetningu þrátt fyrir að notandinn hafi pantað fræið eða útsæðiskartöflurnar í tæka tíð,
- c) ef yrkið sem notandi vill fá er ekki skráð í gagnagrunninn, sem um getur í 48. gr., og ef notandi getur fært sönnur á að ekkert annað skráð yrki sömu tegundar geti komið í staðinn og að leyfið skipti því miklu máli fyrir framleiðslu hans,
- d) ef hægt er að réttlæta leyfið vegna notkunar í tengslum við rannsóknir, prófanir í litlum mæli á vettvangi eða vegna varðveislu á yrki með samþykki lögbærs yfirvalds í aðildarríki.

6. Leyfið skal veitt áður en til sáningar kemur.

7. Leyfið skal eingöngu veitt einstökum notendum eina árstíð í senn og yfirvaldið eða aðilinn sem ber ábyrgð á leyfisveitingunni skal skrá heimilt magn af fræi eða útsæðiskartöflum.

8. Þrátt yfir 7. mgr. er lögbærum yfirvöldum aðildarríkis heimilt að veita öllum notendum almennt leyfi:

- a) fyrir tiltekinni tegund þegar og svo fremi að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 5. mgr., séu uppfyllt,
- b) fyrir tilteknu yrki þegar og svo fremi að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í c-lið 5. mgr., séu uppfyllt.

Leyfin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu koma skýrt fram í gagnagrunninn sem um getur í 48. gr.

9. Ekki er heimilt að veita leyfi nema á tímabilum sem hafa verið uppfærð í gagnagrunninn í samræmi við 3. mgr. 49. gr.

3. þáttur

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningar-tilvikum sem tengjast sérstökum vandamálum við að halda lífrænt alið búfé í samræmi við d-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

46. gr.

Sérstök vandamál í tengslum við að halda lífrænt alið búfé

Lokaáfangi sláturreldis hjá fullorðnum nautgripum, sem eru aldir til kjötframleiðslu, má fara fram innandyra að því tilskildu að þetta innistöðutímabil vari ekki lengur en sem nemur fimmtungi af ævi þeirra og í engum tilvikum lengur en þrjá mánuði.

4. þáttur

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningar-tilvikum sem tengjast hamföllum í samræmi við f-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

47. gr.

Hamfarir

Lögbært yfirvald má heimila tímabundið:

- a) ef um er að ræða að mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða hamfara: að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða hóp með ólífrænt öldum dýrum ef lífrænt alin dýr eru ekki fáanleg,
- b) ef um er að ræða að margar býflugur hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða hamfara: að byggja upp aftur býgarða með ólífrænt ræktuðum býflugum ef lífrænir býgarðar eru ekki fáanlegir,
- c) notkun á ólífrænu fódri í takmarkaðan tíma og í tengslum við sérstakt svæði hjá einstökum rekstraraðilum ef framleiðsla fódurjurta misferst eða ef takmarkanir eru settar, einkum vegna óvenjulegs tíðarfars, ef smitsjúkdómur brjótast út, mengun verður af völdum eitrefna eða sem afleiðing af eldsvoða,
- d) fóðrun býflugna með lífrænu hunangi, lífrænum sykri eða lífrænu sykursýrópi ef um er að ræða kringumstæður, sem rekja má til langvarandi óvenjulegra veðurskilyrða eða hamfara, sem hamla framleiðslu á hunangslégi eða hunangsdögg.

Að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds skulu einstakir rekstraraðilar halda til haga skriflegum sönnunargögnum um notkun á framangreindum undanþágum. Aðildarríki skulu tilkynna hvort öðru og framkvæmdastjórninni um undanþágur sem þau hafa veitt samkvæmt c-lið fyrstu undirgreinar innan eins mánaðar eftir að samþykkið var veitt.

7. KAFLI

Gagnagrunnur yfir fræ

48. gr.

Gagnagrunnur

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að tölvuæddum gagnagrunni sé komið á fót til að skrá yrki fræja eða útsæðiskartaflna, sem eru framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni og fást á yfirráðasvæði þess.

2. Annaðhvort lögbært yfirvald aðildarríkis eða yfirvald eða aðili, sem aðildarríki tilnefnir í þessu skyni, hér á eftir nefndur „stjórnandi gagnagrunnsins“ skal hafa umsjón með gagnagrunninum. Aðildarríkjum er einnig heimilt að tilnefna yfirvald eða einkaaðila í öðru landi.

3. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það hvaða yfirvald eða einkaaðila það hefur tilnefnt til að stjórna gagnagrunninum.

49. gr.

Skráning

1. Yrki, sem til eru fyrir fræ eða útsæðiskartöflur sem eru framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni, skulu skráð í gagnagrunnin, sem um getur í 48. gr., að beiðni birgis.

2. Yrki, sem ekki hefur verið skráð í gagnagrunnin, telst ófáanlegt að því er varðar 5. mgr. 45. gr.

3. Hvert aðildarríki skal ákveða á hvaða tíma árs skuli uppfæra gagnagrunnin reglulega fyrir hverja tegund eða tegundahóp sem er ræktaður á yfirráðasvæði þess. Upplýsingar skulu skráðar í gagnagrunnin með tilliti til þessarar ákvörðunar.

50. gr.

Skilyrði fyrir skráningu

1. Til að fá skráningu skal birgirinn:

a) færa sönnur á að hann eða síðasti rekstraraðili, í þeim tilvikum þegar birgirinn verslar eingöngu með fræ eða útsæðiskartöflur í tilbúnum pakkningum, hafi heyrt undir eftirlitskerfið sem um getur í 27. gr. reglugerðar (EBE) nr. 834/2007,

b) færa sönnur á að fræið eða útsæðiskartöflurnar sem á að setja á markað uppfylli almennu kröfurnar um fræ og útsæðiskartöflur,

c) láta í té allar tilskildar upplýsingar skv. 51. gr. þessarar reglugerðar og skuldbinda sig til að uppfæra þessar upplýsingar að beiðni stjórnanda gagnagrunnsins eða hvenær sem þörf er á slíkri uppfærslu til að tryggja áfram áreiðanlegar upplýsingar.

2. Stjórnanda gagnagrunnsins er heimilt, með samþykki lögbærs yfirvalds aðildarríkis, að hafna umsókn birgis um skráningu eða eyða skráningu sem þegar hefur verið samþykkt ef birgirinn uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr.

51. gr.

Skráðar upplýsingar

1. Gagnagrunnurinn, sem um getur í 48. gr., skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert skráð yrki og fyrir hvern birgi:

a) vísindaheiti tegundarinnar og yrkisheitið,

b) nafn og samskiptaupplýsingar um birginn eða fulltrúa hans,

c) svæði þar sem birgirinn getur afhent fræ eða útsæðiskartöflur til notanda á venjulegum tíma þegar þörf er á afgreiðslu,

d) land eða svæði þar sem yrkið er prófað og samþykkt vegna sameiginlegru skráarinnar yfir stofna nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegundir eins og skilgreint er í tilskipunum ráðsins 2002/53/EB um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði⁽¹⁷⁾ og 2002/55/EB um markaðssetningu grænmetisfræs⁽¹⁸⁾,

e) hvenær fræin eða útsæðiskartöflurnar verða fáanlegar,

f) nafn og/eða kenninúmer eftirlitsyfirvaldsins eða eftirlitsaðilans sem annast eftirlit með rekstraraðilanum, eins og um getur í 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. Birgirinn skal þegar í stað upplýsa stjórnanda gagnagrunnsins um það ef einhver skráð yrki eru ekki lengur fáanleg. Breytingarnar skulu skráðar í gagnagrunnin.

⁽¹⁷⁾ Stjútö. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

⁽¹⁸⁾ Stjútö. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

3. Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 1. mgr. skal gagnagrunnurinn innihalda skrá yfir tegundirnar sem taldar eru upp í X. viðauka.

52. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Þeir sem nota fræ og útsæðiskartöflur, sem og almenningur, skulu hafa ókeypiss aðgang að upplýsingunum í gagnagrunninum, sem um getur í 48. gr., um Netið. Aðildarríkin geta ákveðið að allir notendur sem hafa tilkynnt starfsemi sína í samræmi við a-lið 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 geti fengið, óski þeir þess, útdrátt úr gögnum sem varða einn tegundahóp eða fleiri frá stjórnanda gagnagrunnsins.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir notendur, sem um getur í 1. mgr., fái upplýsingar, a.m.k. einu sinni á ári, um kerfið og hvernig nálgast megi upplýsingarnar úr gagnagrunninum.

53. gr.

Skráningargjald

Heimilt er að krefjast gjalds fyrir hverja skráningu sem samsvarar kostnaði við að setja inn upplýsingar og viðhalda þeim í gagnagrunninum sem um getur í 48. gr. Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal samþykkja fjárhæð gjaldsins sem stjórnandi gagnagrunnsins setur upp.

54. gr.

Ársskýrsla

1. Yfirvöld eða aðilar sem tilnefndir eru til að veita leyfi í samræmi við 45. gr. skulu skrá öll leyfi og koma þessum upplýsingum á framfæri í skýrslu til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu og stjórnanda gagnagrunnsins.

Í skýrslunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja tegund sem leyfi þarf fyrir skv. 5. mgr. 45. gr.:

- vísindaheiti tegundarinnar og yrkisheitið,
- rökstuðningur fyrir leyfi sem tilgreindur er með tilvísun í a-, b-, c-, eða d-lið 5. mgr. 45. gr.,
- heildarfjöldi leyfa,
- heildarmagn fræs eða útsæðiskartafna sem um ræðir,
- efnameðhöndlun með tilliti til plöntuheilbrigðis, eins og um getur í 2. mgr. 45. gr.

2. Að því er varðar leyfi skv. 8. mgr. 45. gr. skal skýrslan hafa að geyma upplýsingarnar sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar og hversu lengi leyfin voru í gildi.

55. gr.

Yfirlitsskýrsla

Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu fyrir 31. mars ár hvert safna saman skýrslum og senda yfirlitsskýrslu, sem tekur til allra leyfa aðildarríkjanna frá fyrra almanaksári, til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna. Skýrslan skal taka til upplýsinganna sem tilgreindar eru í 54. gr. Upplýsingarnar skal birta í gagnagrunninum sem um getur í 48. gr. Lögbær yfirvöld geta falið stjórnanda gagnagrunnsins það verkefni að safna saman skýrslunum.

56. gr.

Upplýsingar samkvæmt beiðni

Að beiðni aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar skulu hin aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin fá aðgang að nánari upplýsingum um leyfi sem veitt eru í einstökum tilvikum.

III. BÁLKUR

MERKING

1. KAFLI

Kennimerki Bandalagsins

57. gr.

Kennimerki Bandalagsins

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal kennimerki Bandalagsins vera í samræmi við fyrirmyndina í XI. viðauka við þessa reglugerð.

Kennimerki Bandalagsins skal nota í samræmi við reglur um tæknilega endurgerð sem mælt er fyrir um í XI. viðauka við þessa reglugerð.

58. gr.

Skilyrði fyrir notkun kenninúmersins og upprunastaður

1. Upplýsingarnar um kenninúmer eftirlitsyfirvaldsins eða eftirlitsaðilans, sem um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) 834/2007, skulu:

- hefjast á upphafsstaforði, sem auðkennir aðildarríkið eða þriðja landið, eins og um getur í alþjóðlega staðlinum fyrir tveggja stafa landskóða samkvæmt staðlinum ISO 3166 (Codes for the representation of names of countries and their subdivisions),
- innihalda hugtak sem kemur á tengslum við lífrænu framleiðsluáðferðina eins og um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,
- innihalda tilvísunarnúmer sem lögbæra yfirvaldið skal ákveða og d) settar næst fyrir neðan kennimerki Bandalagsins ef kennimerki Bandalagsins er notað í merkingunni.

2. Upplýsingar um staðinn þar sem hráefnin úr landbúnaði, sem vörurnar eru samsett úr, eru unnin, eins og um getur í c-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) 834/2007, skal setja næst fyrir neðan kenninúmerið sem um getur í 1. mgr.

2. KAFLI

Sértækar kröfur varðandi merkingar fódurs

59. gr.

Gildissvið, notkun vörumerkja og vörulýsing

Þessi kafli gildir ekki um gæludýrafóður, fóður fyrir loðdýr eða fóður handa lagareldisdyrum.

Einungis er heimilt að nota vörumerki og vörulýsingar með merkingum, sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, ef a.m.k. 95% af þurrefni vörunnar er fódurefni úr lífrænni framleiðslu.

60. gr.

Merkingar á unnu fódri

1. Með fyrirvara um 61. gr. og 2. mgr. 59. gr. þessarar reglugerðar er heimilt að nota hugtökin, sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) 834/2007 á unnu fódri að því tilskildu að:

- a) unna fódrið uppfylli ákvæðin í reglugerð (EB) 834/2007, einkum iv. og v. lið d-liðar í 1. mgr. 14. gr. og 18. gr. reglugerðarinnar,
- b) unna fódrið uppfylli ákvæðin í þessari reglugerð, einkum, 22. og 26. gr.,
- c) a.m.k. 95% af þurrefni afurðarinnar sé lífrænt.

2. Með fyrirvara um kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. er eftirfarandi yfirlýsing leyfileg ef um er að ræða vörur sem samanstanda af mismunandi magni fódurs úr lífrænni framleiðslu og/eða fódurefnum úr afurðum í aðlögun að lífrænum búskap og/eða ólífrænum efnum:

„heimilt að nota í lífrænni framleiðslu í samræmi við reglugerðir (EB) 834/2007 og (EB) 889/2008“

61. gr.

Skilyrði fyrir notkun merkinga á unnu fódri

- 1. Merkingarnar, sem kveðið er á um í 60. gr., skulu vera:
 - a) aðgreindar frá textanum sem um getur í 5. gr. tilskipunar ráðsins 79/373/EBE⁽¹⁹⁾ eða 1. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 96/25/EB⁽²⁰⁾,
 - b) í lit eða með sniði eða stafagerð sem er ekki meira áberandi en lýsing eða heiti á fódri, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE eða b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/25/EB, eftir því sem við á,
 - c) með merkingum innan sama sjónsviðs sem segja til um, miðað við þyngd þurrefnis:
 - i. hlutfall fódurefna úr lífrænni framleiðslu,
 - ii. hlutfall fódurefna úr afurðum í aðlögun að lífrænum búskap,
 - iii. hlutfall fódurefna sem falla ekki undir i. og ii. lið,
 - iv. heildarhlutfall fódurs úr landbúnaði,
 - d) með skrá yfir heiti fódurefna úr lífrænni framleiðslu,
 - e) með skrá yfir heiti fódurefna úr afurðum í aðlögun að lífrænni framleiðslu.

2. Merkingunum, sem kveðið er á um í 60. gr. má einnig fylgja tilvísun til þeirrar kröfu að nota skuli fódrið í samræmi við 21. og 22. gr.

3. KAFLI

Aðrar sértækar kröfur varðandi merkingu

62. gr.

Afurðir úr jurtaríkinu í aðlögun

Afurðir úr jurtaríkinu í aðlögun mega hafa merkinguna „framleitt á aðlögunartímabili þar sem horfið er til lífrænna búskaparháttá“ að því tilskildu að:

- a) a.m.k. 12 mánaða aðlögunartími hafi verið virtur fyrir uppskeru,

⁽¹⁹⁾ Stjútíð. EB L 86, 6.4.1979, bls.30.

⁽²⁰⁾ Stjútíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35.

- b) merkingin sé birt með lit, leturstærð og leturgerð sem eru ekki meira áberandi en vörulýsing afurðarinnar og skal öll merkingin vera með sömu leturstærð,
- c) í afurðinni sé aðeins innihaldsefni úr einni nytjaplöntu úr landbúnaði,
- d) merkingin tengist kenninúmeri eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirlitsvaldsins sem um getur í 10. mgr. 27. gr. reglugerðar 834/2007.

IV. BÁLKUR

EFTIRLIT

1. KAFLI

Lágmarkskröfur um eftirlit

63. gr.

Fyrirkomulag eftirlits og skuldbindingar rekstraraðilans

1. Þegar fyrirkomulag eftirlits er reynt í fyrsta sinn skal rekstraraðilinn taka saman og viðhalda:
 - a) nákvæmri lýsingu á einingunni og/eða athafnasvæðinu og/eða starfseminni,
 - b) öllum hagnýtum ráðstöfunum sem gera skal innan einingarinnar og/eða athafnasvæðisins og/eða starfseminnar til að tryggja að farið sé að reglum um lífræna framleiðslu,
 - c) varúðarráðstöfunum sem gera skal til að draga úr hættu á mengun af völdum óleyfilegra afurða eða efna ásamt þeim hreinsunaraðgerðum sem grípa skal til á geymslustöðum og í öllu framleiðsluferli rekstraraðilans.

Eftir því sem við á geta lýsingin og ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, verið hluti af gæðakerfi sem rekstraraðili kemur á fót.

2. Lýsingin og ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu koma fram í yfirlýsingu sem rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, undirritar. Einnig skal yfirlýsingin innihalda skuldbindingu rekstraraðilans þess efnis að:

- a) hann hagi aðgerðum þannig að þær séu í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu,
- b) hann samþykki að ef brot er framið eða ef um vanrækslu er að ræða skuli ráðstöfunum samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu framfylgt,
- c) hann samþykki að gera kaupendum afurðarinnar viðvart skriflega í því skyni að tryggja að merkingar, sem vísa til lífrænnar framleiðsluáðferðar, séu fjarlægðar af þessari framleiðslu.

Yfirlýsingin, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skal staðfest af eftirlitsaðilanum eða -yfirlitsvaldinu sem gefur út skýrslu þar sem bent er á hugsanlega annmarka og ósamræmi við reglur um lífræna framleiðslu. Rekstraraðilinn skal meðárita skýrsluna og gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

3. Við beitingu 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal rekstraraðilinn veita lögbæru yfirlitsvaldi upplýsingar um eftirfarandi:

- a) nafn og heimilisfangi rekstraraðila,
- b) staðsetningu athafnasvæðis og, eftir því sem við á, landspildna (gögn úr þinglýsingarbók) þar sem starfsemin fer fram,
- c) tegund starfsemi og afurða,
- d) skuldbindingu rekstraraðilans um að starfsemin fari fram í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og í þessari reglugerð,
- e) ef um er að ræða bújörð: dagsetningu þegar framleiðandi hætti að nota vörur sem ekki eru heimilaðar fyrir lífræna framleiðslu á viðkomandi landspildum,
- f) nafn samþykka aðilans, sem rekstraraðilinn fól að hafa eftirlit með starfsemi sinni, ef aðildarríkið hefur komið á eftirlitskerfi með því að samþykkja slíka aðila.

64. gr.

Breytingar á fyrirkomulagi eftirlits

Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal tilkynna eftirlitsyfirlitsvaldi eða eftirlitsaðila í tæka tíð um allar breytingar á lýsingunni eða ráðstöfununum, sem um getur í 63. gr., og um upphaflega eftirlitsyfirlitskomulagið sem sett er fram í 70., 74., 80., 82., 86. og 88. gr.

65. gr.

Eftirlitsheimsóknir

1. Eftirlitsyfirlitsvaldið eða eftirlitsaðilinn skal framkvæma eftirlit með öllum rekstraraðilum a.m.k. einu sinni á ári.
2. Eftirlitsyfirlitsvaldinu eða eftirlitsaðilanum er heimilt að taka og prófa sýni úr vörum sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu eða til að athuga hvort framleiðslutækni samræmist reglum um lífræna framleiðslu. Einnig er heimilt að taka sýni og greina þau með tilliti til hugsanlegrar mengunar af völdum vara sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu. Samt sem áður skal framkvæma slíka greiningu þar sem grunur leikur á um notkun á vörum sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu.

3. Að hverri heimsókn lokinni skal semja eftirlitsskýrslu sem rekstraraðili einingarinnar eða fulltrúi hans meðáritar.

67. gr.

Aðgangur að aðstöðu

4. Enn fremur skal eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn fara í eftirlitsheimsóknir af handahófi, sem ekki er tilkynnt um fyrirfram, sem skulu byggðar á almennu mati á áhættu á því að reglum um lífræna framleiðslu sé ekki fylgt þar sem a.m.k. er tekið tillit til niðurstaðna fyrra eftirlits, magns þeirra vara sem um ræðir og hættunnar á afurðaskiptum.

66. gr.

Skriflegt bókhald

1. Geyma skal birgða- og fjárhagsbókhald í einingunni eða á athafnasvæðinu sem gerir rekstraraðila kleift að þekkja og eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum kleift að sannprófa:

- a) birgi og, þegar það er annar aðili, seljanda eða útflytjanda varanna,
- b) eðli og magn lífrænna vara sem sendar hafa verið til einingarinnar og, þar sem við á, allt efni sem keypt hefur verið og notkun þess og, þar sem við á, samsetningu fóðurblandnanna,
- c) eðli og magn lífrænna vara sem hafðar eru í geymslu á athafnasvæðinu,
- d) eðli, magn og viðtakendur og, þegar það eru aðrir aðilar, kaupendur, aðra en lokaneytendur, vara sem sendar hafa verið frá einingunni eða athafnasvæðum eða geymsluaðstöðu fyrsta viðtakanda,
- e) þegar um er að ræða rekstraraðila sem ekki geyma eða meðhöndla slíkar afurðir: eðli og magn lífrænna vara, sem keyptar hafa verið og seldar, og birgja, og, þegar það eru aðrir aðilar, seljendur eða útflytjendur og kaupendur og, þegar það eru aðrir aðilar, viðtakendur.

2. Skriflega bókhaldið skal einnig hafa að geyma niðurstöður sannprófunar við móttöku lífrænna vara og hvers kyns aðrar upplýsingar sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið krefst til þess að viðeigandi eftirlit geti farið fram. Upplýsingarnar í bókhaldinu skulu studdar viðeigandi gögnum. Bókhaldið skal sýna hvert jafnvægið er á milli aðfanga og framleiðslu.

3. Starfræki rekstraraðili fleiri en eina framleiðslueiningu á sama svæði verða einingarnar fyrir lífrænar vörur, ásamt geymslustöðum fyrir aðföng, einnig að falla undir lágmarkskröfur um eftirlit.

1. Rekstraraðilinn skal:

- a) veita eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum, í þeim tilgangi að stunda eftirlit, aðgang að öllum hlutum einingarinnar og öllum athafnasvæðum og að bókhaldi og fylgiskjölum sem máli skipta,
- b) veita eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum allar þær upplýsingar sem telja má nauðsynlegar vegna eftirlitsins,
- c) afhenda, þegar eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn óskar eftir því, niðurstöður eigin gæðatryggingaáætlana.

2. Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. skulu innflytjendur og fyrstu viðtakendur afhenda þær upplýsingar um innfluttar vörusendingar sem um getur í 84. gr.

68. gr.

Skrifleg sönnunargögn

Að því er varðar beitingu 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skulu eftirlitsyfirvöldin og eftirlitsaðilarnir nota fyrirmyndina fyrir skriflegu sönnunargögnum sem sett er fram í XII. viðauka við þessa reglugerð.

69. gr.

Yfirlýsing seljanda

Að því er varðar beitingu 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má yfirlýsing seljanda um að afgreiddar vörur hafi ekki verið framleiddar með erfðabreyttum lífverum fylgja fyrirmyndinni sem sett er fram í XIII. viðauka við þessa reglugerð.

2. KAFLI

Sértækar kröfur um eftirlit með plöntum og plöntuafurðum úr landbúnaðarframleiðslu eða söfnun

70. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

1. Nákvæma lýsingin á einingunni sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr. skal:

- a) samin jafnvel þó að starfsemi á vegum framleiðanda sé takmörkuð við söfnun villtra plantna,
- b) sýna geymslu- og framleiðslustaði, landspildur og/eða söfnunarsvæði og, eftir atvikum, staði þar sem tiltekin vinnsla og/eða þökkun fer fram, og

c) hvaða dag afurðir, sem ekki er heimilt að nota samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr., voru síðast notaðar á viðkomandi landspildum og/eða söfnunarsvæðum.

2. Þegar um er að ræða söfnun villtra plantna skulu tilgreindar í þeim hagnýtu ráðstöfunum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 63. gr, ábyrgðir þriðju aðila sem rekstraraðilinn getur veitt til að tryggja að ákvæðum 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 sé fullnægt.

71. gr.

Samskipti

Á hverju ári, fyrir þann dag sem eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn tilgreinir, skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum um framleiðsluáætlun sína um ræktunaraufurðir þar sem fram kemur sundurliðun eftir landspildum.

72. gr.

Framleiðsluskýrslur vegna plantna

Framleiðsluskýrslur vegna plantna skal taka saman í skrá sem eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar geta gengið að hvenær sem er á bújörðinni. Til viðbótar við 71. gr. skulu slíkar skýrslur veita a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- að því er varðar notkun áburðar: dagsetning notkunar, gerð og magn áburðar, viðkomandi landspildur,
- að því er varðar notkun plöntuvarnarefnis: ástæða og dagsetning notkunar, tegund vöru, aðferð við meðhöndlun,
- að því er varðar kaup á aðföngum til bújarða: dagsetning, tegund og magn vörunnar sem keypt var,
- að því er varðar uppskeru: dagsetning, gerð og magn ræktaðra nytjaplantna, lífrænna eða sem eru í aðlögun.

73. gr.

Nokkrar framleiðslueiningar reknar af sama rekstraraðila

Starfræki rekstraraðili nokkrar framleiðslueiningar á sama svæði skulu einingar, þar sem framleiddar eru ólífrænar plöntur, ásamt geymslustöðum fyrir aðföng til landbúnaðar einnig falla undir almennu og sértæku eftirlitskröfum sem mælt er fyrir um í 1. kafla og þessum kafla þessa bálks.

3. KAFLI

Kröfur um eftirlit með búfé og búfjárafurðir úr búfjarrækt

74. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

1. Þegar eftirlitskerfið, sem gildir sérstaklega um framleiðslu búfjárafurða, er reynt í fyrsta sinn skal nákvæma lýsingin á einingunni sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr. ná yfir:

- a) nákvæma lýsingu á gripahúsum, bithögum, útsvæðum o.s.frv. og, eftir atvikum, aðstöðu vegna geymslu, þökkunar og vinnslu að því er varðar búfé, búfjárafurðir, hráefni og aðföng,
- b) nákvæma lýsingu á aðstöðunni þar sem húsdýraáburðurinn er geymdur.

2. Hagnýtu ráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 63. gr. skulu ná yfir:

- a) áætlun um dreifingu húsdýraáburðar, sem eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald hefur samþykkt, ásamt nákvæmri lýsingu á þeim svæðum sem eru lögð undir ræktun nytjaplantna,
- b) eftir atvikum, að því er varðar dreifingu húsdýraáburðar: skriflega samninga við aðrar bújarðir, eins og um getur í 3. mgr. 3. gr., sem fara að ákvæðum í reglunum um lífræna framleiðslu,
- c) stjórnunaráætlun fyrir eininguna þar sem lífræn framleiðsla búfjár er stunduð.

75. gr.

Auðkenning búfjár

Skylt er að auðkenna búfé á varanlegan hátt með tækni sem sniðin er að hverri tegund, hvert dýr fyrir sig ef um stór spendýr er að ræða og hvert dýr eða hvern hóp ef um alifugla eða smærri spendýr er að ræða.

76. gr.

Búfjárskýrslur

Búfjárskýrslur skal taka saman í skrá sem eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar getur gengið að hvenær sem er á bújörðinni. Þessar skýrslur skulu veita nákvæma lýsingu á meðferð bústofnsins og innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) að því er varðar komu dýra á bújörðina: uppruni og komudagur, aðlögunartími, auðkennismerki og forsaga um meðhöndlun dýralæknis,

- b) að því er varðar brottflutning búfjár af bújörðinni: aldur, fjöldi dýra, þyngd ef um sláturdýr er að ræða, auðkennismerki og ákvörðunarstaður,
- c) hvers kyns vanhöld á dýrum og ástæður þeirra,
- d) að því er varðar fóður: gerð, þ.m.t. fóðurbótaefni, hlutfall mismunandi innihaldsefna í skömmtum og tímabil þegar dýrin hafa aðgang að gerðum og tímabil farþegarbúskapar ef takmarkanir gilda,
- e) að því er varðar forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun og umönnun dýralækis: dagsetning meðhöndlunar, nákvæmar upplýsingar um sjúkdómsgreininguna, skammtastærðir, tegund efnis sem er notað við meðhöndlun, ábendingar um lyfjafræðilega virku efnin sem um ræðir, aðferð við meðhöndlun og lyfseðlar frá dýralækni er varða meðhöndlunina ásamt rökstuðningi og tilskilinn biðtími til afurðanýtingar áður en setja má búfjárafurðirnar á markað, merktar sem lífrænt ræktaðar.

77. gr.

Ráðstafanir vegna eftirlits með dýralyfjum fyrir búfé

Þegar dýralyf eru notuð skal upplýsingunum samkvæmt e-lið 76. gr. komið á framfæri við eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðila áður en búféð eða búfjárafurðirnar eru settar á markað sem lífrænt framleiddar. Skyld er að auðkenna greinilega það búfé, sem fær meðhöndlun, hvert dýr fyrir sig ef um stór dýr er að ræða eða hvert dýr, hvern hóp eða hvert býflugnabú ef um alifugla, smærri dýr og býflugur er að ræða.

78. gr.

Sértækar eftirlitsráðstafanir varðandi býrækt

1. Býflugnaræktandinn skal leggja fram hjá eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila uppdrátt í heppilegum mælikvarða sem sýnir staðsetningu býflugnabúanna. Ef engin svæði eru tilgreind í samræmi við 2. mgr. 13. gr. skal býflugnaræktandinn leggja viðeigandi skjöl og sönnunargögn fyrir eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilann, þ.m.t. viðunandi greiningar ef nauðsyn krefur, sem sýna að þau svæði, sem sambú hans hafa aðgang að, uppfylli þau skilyrði sem krafist er í þessari reglugerð.

2. Eftirfarandi upplýsingar um notkun á fóðri skal færa í skrá býgarðsins: vörutegund, dagsetningar, magn og hvaða býflugnabú nutu fóðrunar.

3. Þegar nota á dýralyf er skylt að skrá tegund lyfsins greinilega, þ.m.t. ábendingar um lyfjafræðilega virka efnið, ásamt nákvæmum upplýsingum um sjúkdómsgreininguna, stærð skammta, aðferð við lyfjagjöf, lengd meðhöndlunar og lögbundinn biðtími til afurðanýtingar og tilkynna það eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila áður en afurðirnar eru settar á markað sem lífræn framleiðsla.

4. Skrá skal svæðið þar sem býgarðurinn er ásamt auðkenni býgarðanna. Tilkynna skal eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila um flutning á byggðum innan frests sem samið er um við eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðila.

5. Sérstaklega skal tryggja að hunangstekja, vinnsla og geymsla býræktarafurðanna fari fram á fullnægjandi hátt. Skyld er að skrá allar ráðstafanir sem eru gerðar í því skyni að uppfylla þessa kröfu.

6. Skyld er að færa í skrá býgarðsins hvenær safnkistur (e. *honey super*) eru fjarlægðar úr búunum og hvenær hunangstekja fer fram.

79. gr.

Nokkrar framleiðslueiningar reknar af sama rekstraraðila

Starfræki rekstraraðili fleiri en eina framleiðslueiningu, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 17. gr., 40. gr. og 41. gr., skulu þær einingar, sem framleiða ólífrænt alið búfé eða ólífrænar búfjárafurðir, einnig falla undir eftirlitskerfið sem mælt er fyrir um í 1. kafla og þessum kafla í þessum bálki.

4. KAFLI

Kröfur um eftirlit með einingum þar sem vinnsla plöntu- og búfjárafurða og matvæla úr plöntu- og búfjárafurðum fer fram

80. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

Þegar um er að ræða einingu þar sem vinnsla afurða fer fram fyrir eigin reikning eða vegna þriðja aðila, þ.m.t. m.a. einingar þar sem slíkum afurðum er pakkað og/eða endurpakkað eða einingar þar sem slíkar afurðir eru merktar og/eða endurmerktar, skal í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., greina frá aðstöðunni sem notuð er til móttöku, vinnslu, þökkunar, merkingar og geymslu landbúnaðarafurða, bæði fyrir og eftir þá vinnslu sem þeim tengist, ásamt tilhögun flutninga á afurðunum.

5. KAFLI

**Kröfur um eftirlit með innflutningi á plöntum, plöntu-
afurðum, búfé, búfjárafurðum og matvælum úr
plöntu- og/eða búfjárafurðum, fódri, fódurblöndum og
fóðurefnum frá þriðju löndum**

81. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um alla rekstraraðila sem stunda innflutning, sem innflytjendur og/eða fyrstu viðtakendur, og/eða taka við lífrænum vörum fyrir eigin reikning eða vegna annars rekstraraðila.

82. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

1. Þegar um er að ræða innflytjandann skal nákvæma lýsingin á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., ná yfir athafnasvæði innflytjandans og innflutningsstarfsemi hans og tilgreina skal komustaði varanna inn í Bandalagið og alla aðra aðstöðu sem innflytjandinn hyggst nota til að geyma innfluttu vörurnar uns þær eru afhentar fyrsta viðtakanda.

Það að auki skal yfirlýsingin, sem um getur í 2. mgr. 63. gr., fela í sér skuldbindingu innflytjandans um að tryggja að öll aðstaða, sem innflytjandinn mun nota til geymslu á vörum, sé háð eftirliti sem eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald framkvæmir eða, ef geymsluaðstaðan er staðsett í öðru aðildarríki eða á öðru svæði, samþykktur eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald í viðkomandi aðildarríki eða svæði.

2. Þegar um er að ræða fyrsta viðtakanda skal í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., greina frá aðstöðunni sem notuð er til móttöku og geymslu.

3. Þegar innflytjandi og fyrsti viðtakandi eru sami lögaðilinn og starfa innan sömu einingarinnar er leyfilegt að steypa skýrslunum, sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. 63. gr., saman í eina skýrslu.

83. gr.

Skriflegt bókhald

Innflytjandinn og fyrsti viðtakandi skulu halda aðskilið birgða- og fjárhagsbókhald nema þegar þeir starfa innan sömu einingarinnar.

Fari eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili þess á leit skal veita allar upplýsingar um fyrirkomulag flutninga frá útflytjanda í þriðja landi til fyrsta viðtakanda og frá athafnasvæði eða geymsluaðstöðu fyrsta viðtakanda til viðtakanda innan Bandalagsins.

84. gr.

Upplýsingar um innfluttar vörusendingar

Innflytjandinn skal tilkynna eftirlitsaðilanum eða eftirlitsyfirvaldinu í tæka tíð um hverja vörusendingu sem flytja á inn í Bandalagið og veita eftirfarandi upplýsingar:

- a) nafn og heimilisfang fyrsta viðtakanda,
- b) allar upplýsingar sem eðlilegt má telja að eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið geti farið fram á,
 - i. þegar um er að ræða vörur, sem eru fluttar inn í samræmi við 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007: skriflegu sönnunargögnin sem um getur í þeirri grein,
 - ii. þegar um er að ræða vörur, sem eru fluttar inn í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007: afrit af skoðunarvottorðinu sem um getur í þeirri grein.

Fari eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald þess á leit við innflytjanda skal hann senda upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu málsgrein, til eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds fyrsta viðtakanda.

85. gr.

Eftirlitsheimsóknir

Eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn skal athuga skriflega bókhaldið sem um getur í 83. gr. þessarar reglugerðar og vottorðið sem um getur í d-lið 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 eða skriflegu sönnunargögnin sem um getur í c-lið 1. mgr. 32. gr. síðari reglugerðarinnar.

Fari innflutningsstarfsemin fram innan mismunandi eininga eða á mismunandi athafnasvæðum skal innflytjandinn, sé þess óskað, láta skýrslurnar, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 63. gr. þessarar reglugerðar, í té fyrir hverja aðstöðu fyrir sig.

6. KAFLI

**Kröfur um eftirlit með einingum þar sem fengist er við
framleiðslu, vinnslu eða innflutning lífrænna vara og sem
gert hafa verktakasamninga við þriðju aðila um hluta af
starfseminni eða alla starfsemina sem um er að ræða**

86. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

Að því er varðar starfsemi sem verktakasamningur við þriðju aðila er gerður um skal nákvæma lýsingin á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., ná yfir:

- a) skrá yfir undirverktaka með lýsingu á starfsemi þeirra ásamt upplýsingum um eftirlitsaðilana eða yfirvöldin sem þeir heyra undir,

b) skriflegt samkomulag undirverktakanna um að bújörð þeirra muni falla undir eftirlitsfyrirkomulagið í V. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

c) allar þær hagnýtu ráðstafanir, þ.m.t. er m.a. viðeigandi kerfi skriflegs bókhalds, sem gera skal innan einingarinnar til að tryggja að hægt sé að rekja vörur, sem rekstraraðili setur á markað, til birgja, seljenda, viðtakenda og kaupenda eins og við á.

7. KAFLI

Kröfur um eftirlit með einingum sem framleiða fóður

87. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um allar einingar þar sem fengist er við vinnslu á afurðum, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, fyrir eigin reikning eða vegna þriðja aðila.

88. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

1. Í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., skal tilgreina:

- a) aðstöðu fyrir viðtöku, vinnslu og geymslu á vörum, sem eru ætlaðar til dýrafóðurs, fyrir og eftir vinnslu þeirra,
- b) aðstöðu fyrir geymslu á öðrum vörum sem notaðar eru við tilreiðslu á fóðri,
- c) aðstöðu fyrir geymslu á vörum til hreinsunar og sótthreinsunar,
- d) ef nauðsyn krefur, lýsingu á fóðurblandunni sem rekstraraðilinn hyggst framleiða, í samræmi við a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE, og tegundir eða flokk búfjár, sem fóðurblandan er ætluð,
- e) ef nauðsyn krefur, heiti fóðurefna sem rekstraraðilinn hyggst tilreiða.

2. Ráðstafanirnar sem rekstraraðilar skulu grípa til, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 63. gr., til að tryggja samræmi við reglur um lífræna framleiðslu skulu fela í sér ráðstafanirnar sem um getur í 26. gr.

3. Eftirlitsfirvaldið eða eftirlitsaðilinn skal nota þessar ráðstafanir til að vinna almennt mat á þeirri áhættu sem fylgir hverri tilreiðslueiningu og til að semja eftirlitsáætlun. Í þessari eftirlitsáætlun skal kveða á um lágmarksfjölda slembisýna með hliðsjón af hugsanlegri áhættu.

89. gr.

Skriflegt bókhald

Til að hægt sé að hafa eðlilegt eftirlit með starfseminni skal skriflega bókhaldið, sem um getur í 66. gr., taka til upplýsinga um uppruna, eðli og magn fóðurefna, aukefna, sölu og fullunninna vara.

90. gr.

Eftirlitsheimsóknir

Eftirlitsheimsóknin, sem um getur í 65. gr., skal fela í sér fullkomið eftirlit á öllum athafnasvæðum. Enn fremur skal eftirlitsfirvaldið eða eftirlitsaðilinn fara í markvissar heimsóknir á grundvelli almenns mats á hugsanlegri áhættu á því að ekki sé farið að reglum um lífræna framleiðslu.

Eftirlitsaðilinn eða eftirlitsfirvaldið skal huga sérstaklega að þýðingarmiklum eftirlitsþáttum, sem því er bent á, með það í huga að ganga úr skugga um hvort vöktun og eftirlit séu framkvæmd með réttum hætti.

Heimilt er að skoða allt athafnasvæðið, sem rekstraraðilinn notar við starfsemi sína, eins oft og áhættan sem því fylgir gefur tilefni til.

8. KAFLI

Brot og upplýsingaskipti

91. gr.

Ráðstafanir vegna gruns um brot og frávik

1. Ef rekstraraðili telur eða grunar að vara, sem hann hefur framleitt, tilreitt, flutt inn eða fengið afhenta frá öðrum rekstraraðila, sé ekki í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu skal hann gera ráðstafanir, annaðhvort til að fjarlægja af vörunni allar tilvísanir í framleiðslu með lífrænum aðferðum eða til að aðskilja og auðkenna vöruna. Honum er einungis heimilt að koma vörunni í vinnslu, þökkun eða á markað eftir að þessari óvissu hefur verið eytt nema að varan sé sett á markað án merkinga sem vísa til lífrænnar framleiðsluaðferðar. Þegar um slíka óvissu er að ræða skal rekstraraðilinn tafarlaust gera eftirlitsaðila eða yfirvaldi viðvart. Eftirlitsfirvaldið eða eftirlitsaðilinn getur lagt bann við því að afurðin sé sett á markað með merkingum sem vísa til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar þangað til hann er þess fullviss, á grundvelli upplýsinga sem hann hefur fengið frá rekstraraðilanum eða eftir öðrum leiðum, að óvissunni hafi verið eytt.

2. Ef eftirlitsfirvald eða eftirlitsaðili hefur rökstuddan grun um að rekstraraðili hyggist setja á markað vöru sem ekki er í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu en ber tilvísun til lífrænnar framleiðsluaðferðar getur eftirlitsfirvaldið eða eftirlitsaðilinn til bráðabirgða bannað rekstraraðilanum að

markaðssetja vöruna með þessari tilvísun í tiltekinn tíma sem eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn ákveður. Áður en slík ákvörðun er tekin skal eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn heimila rekstraraðilanum að gera athugasemd. Ef eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn er þess fullviss að varan sé ekki í samræmi við kröfur um lífræna framleiðslu skal auk þess krafist að allar tilvísanir í að varan sé framleidd með lífrænni aðferð séu fjarlægðar af henni.

Ef grunurinn er ekki staðfestur innan fyrrnefnds frests skal hins vegar fella niður ákvörðunina, sem um getur í fyrsta undirlíð, eigi síðar en þegar fresturinn rennur út. Rekstraraðilinn skal aðstoða eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald á allan hátt við að komast til botns í málinu.

3. Aðildarríkin skulu grípa til hvernna þeirra ráðstafana og viðurlaga sem nauðsynleg eru til að koma í veg fyrir sviksamlega notkun þeirra merkinga sem um getur í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og III. bálki og/eða XI. viðauka við þessa reglugerð.

92. gr.

Upplýsingaskipti

1. Þegar rekstraraðili og undirverktakar hans sæta eftirliti mismunandi eftirlitsyfirvalda eða eftirlitsaðila skal yfirlýsingin, sem um getur í 2. mgr. 63. gr., fela í sér samþykki rekstraraðilans fyrir sína hönd og undirverktaka sinna fyrir því að mismunandi eftirlitsaðilum eða eftirlitsyfirvöldum sé heimilt að skiptast á upplýsingum um starfsemina, sem þeir hafa eftirlit með, og um það hvernig þessi upplýsingaskipti skulu fara fram.

2. Verði aðildarríki vart við brot á reglum eða frávik í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar vöru sem kemur frá öðru aðildarríki og er með merkingar eins og um getur í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og III. bálki og/eða XI. viðauka við þessa reglugerð, skal það tilkynna aðildarríkinu, sem tilnefndi eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið, og framkvæmdastjórninni þar um.

V. BÁLKUR

SENDING UPPLÝSINGA TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR, UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

1. KAFLI

Sending upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar

93. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar

1. Aðildarríkin skulu, fyrir 1. júlí ár hvert, senda framkvæmdastjórninni árlegar tölfræðilegar upplýsingar um lífræna framleiðslu, sem um getur í 36. gr. reglugerðar (EB)

nr. 834/2007, með því að nota tölvukerfi, sem gerir það kleift að skiptast rafrænt á skjölum og upplýsingum, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) leggur til.

2. Tölfræðilegu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum innihalda gögn um eftirfarandi:

- fjöldi lífrænna framleiðanda, vinnsluáðila, innflytjenda og útflytjenda,
- lífræna ræktun nytjaplantna og uppskerusvæði sem verið er að aðlaga og sem eru notuð fyrir lífræna framleiðslu,
- fjöldi búfjár sem alið er á lífrænan hátt og magn lífrænna dýraafurða,
- gögn um lífræna iðnaðarframleiðslu eftir tegund starfsemi.

3. Þegar senda á tölfræðilegu upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu aðildarríkin nota miðlæga gagnagrunninn (e. *Single Entry point*) sem framkvæmdastjórnin leggur til (Hagstofa Evrópubandalaganna).

4. Skilgreina skal ákvæði varðandi eiginleika tölfræðilegu gagnanna og lýsigagnanna í tengslum við hagskýrsluáætlun Bandalagsins á grundvelli fyrirmyndanna eða spurningalistanna sem eru gerðir aðgengilegir í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr.

94. gr.

Aðrar upplýsingar

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar með því að nota tölvukerfið, sem gerir það kleift að skiptast rafrænt á skjölum og upplýsingum, sem framkvæmdastjórnin (stjórnarsvið landbúnaðarmála og dreifbýlisþróunar) leggur til fyrir upplýsingar aðrar en tölfræðilegar upplýsingar:

- upplýsingarnar sem um getur í a-lið 35 gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 fyrir 1. janúar 2009 og eftir það við hverja breytingu á þeim upplýsingum,
- upplýsingarnar sem um getur í b-lið 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 fyrir 31. mars á hverju ári að því er varðar eftirlitsyfirvöld og -aðila sem samþykkt voru 31. desember á næstliðnu ári,
- allar aðrar upplýsingar, sem krafist er eða sem eru nauðsynlegar í samræmi við þessa reglugerð, fyrir 1. júlí á hverju ári.

2. Lögbært yfirvald eða aðilinn, sem hefur verið falið það hlutverk, skal miðla þessum gögnum, skrá þau og uppfæra í kerfið, sem um getur í 1. mgr., á ábyrgð lögbæra yfirvaldsins eins og um getur í 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

3. Skilgreina skal ákvæði varðandi eiginleika gagna og lýsigagna á grundvelli fyrirmyndanna eða spurningalistanna sem eru gerðir aðgengilegir í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr.

2. KAFLI

Umbreytingarákvæði og lokaákvæði

95. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Á umbreytingartímabili, sem rennur út 31. desember 2010 er heimilt að tjóðra nautgrip í byggingum, sem þegar höfðu verið reistar fyrir 24. ágúst 2000, að því tilskildu að dýrunum sé séð fyrir reglulegri hreyfingu og að eldið fari fram í samræmi við kröfur um velferð dýra, á svæðum sé þægilegur undirburður og hirt sé um hvert og eitt dýr og að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið hafi heimilað þessa ráðstöfun. Lögbæra yfirvaldið má heimila að þessari ráðstöfun verði beitt áfram í takmarkaðan tíma, sem lýkur fyrir 31. desember 2013, að beiðni einstaka rekstraraðila, samkvæmt þeim viðbótarskilyrðum að eftirlitsheimsóknirnar, sem um getur í 1. mgr. 65. gr., séu framkvæmdar a.m.k. tvisvar á ári.

2. Lögbæra yfirvaldið má heimila, á umbreytingartímabili sem rennur út 31. desember 2010, undantekningar varðandi aðbúnað og þéttleika dýra, sem gildir um bújarðir þar sem búfjárframleiðsla er stunduð, á grundvelli undanþágunnar sem kveðið er á um í lið 8.5.1 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Þeir rekstraraðilar sem njóta góðs af þessari framlengingu skulu leggja áætlun fyrir eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilann sem inniheldur lýsingu á þeirri tilhögun sem ætlað er að tryggja að farið verði að ákvæðum reglnanna um lífræna framleiðslu í lok umbreytingartímabilsins. Lögbæra yfirvaldið má heimila að þessari ráðstöfun verði beitt áfram í takmarkaðan tíma, sem lýkur fyrir 31. desember 2013, að beiðni einstaka rekstraraðila, samkvæmt þeim viðbótarskilyrðum að eftirlitsheimsóknirnar, sem um getur í 1. mgr. 65. gr., séu framkvæmdar a.m.k. tvisvar á ári.

3. Á umbreytingartímabili, sem rennur út 31. desember 2010, má lokaáfangi sláturreldis hjá sauðfé og svínnum, eins og mælt er fyrir um samkvæmt lið 8.3.4 í I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, fara fram innandyra með því skilyrði að eftirlitsheimsóknirnar, sem um getur í 1. mgr. 65. gr., séu framkvæmdar a.m.k. tvisvar á ári.

4. Heimilt er að vana smágrísi án deyfingar og/eða verkjastillingar á meðan umbreytingartímabilið, sem rennur út 31. desember 2011, stendur yfir.

5. Meðan þess er beðið að nákvæmar reglur um vinnslu gæludýrafóðurs verði teknar upp skulu landsreglur gilda eða, ef þeim er ekki fyrir að fara, einkastaðlar sem aðildarríkin hafa samþykkt eða viðurkennt.

6. Að því er varðar j-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og á meðan beðið er skráningar á tilteknum efnum samkvæmt f-lið 16. gr. þeirrar reglugerðar er aðeins heimilt að nota efni sem lögbær yfirvöld heimila.

7. Leyfi fyrir ólífrænum innihaldsefnum úr landbúnaði sem aðildarríkin veita samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 207/93 mega teljast veitt samkvæmt þessari reglugerð. Hins vegar skulu leyfi, sem veitt voru í samræmi við 6. mgr. 3. gr. fyrri reglugerðar, renna út 31. desember 2009.

8. Á umbreytingartímabili, sem rennur út 1. júlí 2010, er rekstraraðilum heimilt að nota ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91, fyrir merkinguna að því er varðar:

- i. kerfið sem notað er til að reikna út hlutfall lífræna innihaldsefna í matvælum,
- ii. kenninúmerið og/eða nafn eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins.

9. Birgðir af vörum, sem eru framleiddar, pakkaðar og merktar fyrir 1. janúar 2009 í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 má áfram setja á markað með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðslu þar til birgðir eru uppnar.

10. Heimilt er, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, að halda áfram að nota umbúðafni fyrir vörur, sem eru settar á markað með merkingu sem vísar til lífrænnar framleiðslu, til 1. janúar 2012 ef varan uppfyllir að öðru leyti kröfur reglugerðar (EB) 834/2007.

96. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EBE) nr. 207/93, (EB) nr. 223/2003 og (EB) nr. 1452/2003 eru felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar og reglugerð (EBE) nr. 2092/91 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XIV. viðauka.

97. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2009.

Hins vegar skal a-liður 2. mgr. 27. gr. og 58. gr. gilda frá og með 1. júlí 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. september 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Áburður og jarðvegsnáring sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

Athugasemd:

A: Heimilt samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og yfirfært með c-lið 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

B: Heimilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Samsettar afurðir eða afurðir sem innihalda aðeins efni sem tilgreind eru hér á eftir: Húsdýraáburður	Afurð sem er blanda af húsdýraskít og plöntuefni (hálmur). Ekki úr verksmiðjubúskap (e. <i>factory farming</i>)
A	Þurrkaður húsdýraáburður og þurrkaður alifuglaáburður	Ekki úr verksmiðjubúskap
A	Myltaður húsdýraskítur, þ.m.t. alifuglaáburður og myltaður húsdýraáburður	Ekki úr verksmiðjubúskap
A	Fljótandi húsdýraúrgangur	Notkun eftir stýrða gerjun og/eða hæfilega þynningu Ekki úr verksmiðjubúskap
A	Myltað eða gerjað húsasorp	Afurð fengin úr flokkuðu húsasorpi, sem hefur verið myltað eða beitt loftfirtri gerjun til að framleiða lífgas Einungis húsasorp úr jurta- og dýraríki Einungis ef það er framleitt í lokuðu og vöktuðu söfnunarkerfi sem aðildarríkið samþykkir Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni: kadmíum: 0,7; kopar: 70; nikkell: 25; blý: 45; sink: 200; kvikasilfur: 0,4; króm (alls): 70; króm (VI): 0
A	Mór	Notkun takmörkuð við garðyrkju (garðyrkja í atvinnuskyni, blómarækt, trjárækt, gróðrarstöð)
A	Úrgangur frá svepparæktun	Upprunaleg samsetning næringarefnablöndunnar skal takmarkast við afurðirnar í þessum viðauka
A	Úrgangur frá ormum (ormamolta (e. <i>vermicompost</i>)) og skordýrum	
A	Gúanó	
A	Myltuð eða gerjuð blanda úr plöntuefni	Afurð fengin úr blöndum plöntuefnis, sem hafa verið myltaðar eða beittar loftfirtri gerjun til að framleiða lífgas
A	Eftirfarandi afurðir eða aukaafurðir úr dýraríkinu: blóðmjölmjöl úr hófum og klaufum hornamjöl beinamjöl eða gelatínsneytt beinamjöl fiskmjöl kjötmjöl fjaðrir, hár og „chiquette“ mjöl ull loðskinn hár mjólkurafurðir	Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni úr krómi (VI): 0

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Afurðir og aukaafurðir úr jurtafkinu sem notaðar eru í áburði	Dæmi: Mjöl úr olíukökum, kakóhýði, maltspírur
A	Þang og þari og afurðir úr þangi og þara	Þegar þær eru fengnar með: i. eðlisrænum aðferðum, þ.m.t. vatnssneyðing, frýsting og mölun ii. útdrætti með vatni eða vatnskenndri sýru og/eða basískri lausn iii. gerjun
A	Sag og viðarspæmir	Viður sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður eftir að hann var höggvinn
A	Mylltur börkur	Viður sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður eftir að hann var höggvinn
A	Viðaraska	Af viði sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður eftir að hann var höggvinn
A	Lint, mulið hráfosfat	Vara eins og tilgreint er í 7. lið I. viðauka A.2. við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 (1) um áburð, 7 Kadmíuminnihald ekki meira en 90 mg/kg P205
A	Álkalsíumfosfat	Vara eins og tilgreint er í 6. lið I. viðauka A.2. við reglugerð 2003/2003. Kadmíuminnihald ekki meira en 90 mg/kg P205 Notkun takmörkuð við basískan jarðveg (pH > 7,5)
A	Basískt gjall	Vörur eins og tilgreindar eru í 1. lið I. viðauka A.2. við reglugerð 2003/2003
A	Kalíumhrásalt eða kaínít	Vörur eins og tilgreindar eru í 1. lið I. viðauka A.3. við reglugerð 2003/2003
